

# Handbók UMSB





## Efnisyfirlit

|  |           |
|--|-----------|
| <b>SAGA UMSB</b> .....                                     | <b>3</b>  |
| <b>SKIPULAG ÍPRÓTTAHERAÐS</b> .....                        | <b>7</b>  |
| <b>HLUTVERK STJÓRNAR OG STARFSMANNA</b> .....              | <b>7</b>  |
| VINNUREGLUR STJÓRNAR UMSB .....                            | 7         |
| SKIPUN STJÓRNAR - HLUTVERK STJÓRNARMANNA .....             | 8         |
| HLUTVERK STJÓRNARMANNA .....                               | 8         |
| <i>Sambandsstjóri helstu verkefni</i> .....                | 8         |
| <i>Varasambandsstjóri</i> .....                            | 9         |
| <i>Gjaldkeri</i> .....                                     | 9         |
| <i>Ritari</i> .....  | 9         |
| <i>Meðstjórnandi</i> .....                                 | 9         |
| <i>Varamenn</i> .....                                      | 9         |
| <i>Framkvæmdastjóri</i> .....                              | 10        |
| <i>Tómstundastjóri</i> .....                               | 10        |
| <b>SAMNINGAR VIÐ SVEITARFÉLÖG SEM ERU INNAN UMSB</b> ..... | <b>10</b> |
| UM SAMNINGINN .....  | 10        |
| <b>SAMNINGUR UMSB OG SKORRADALSHREPPS</b> .....            | <b>18</b> |
| <b>SAMNINGUR VIÐ HVALEFJARÐARSVEIT</b> .....               | <b>20</b> |
| <i>Viðauki 2</i> .....                                     | 24        |
| <b>SAMÞYKKTIR OG STEFNUR UMSB</b> .....                    | <b>25</b> |
| LÖG UMSB .....   | 25        |
| STEFNA UMSB .....  | 29        |
| <b>GILDI, HLUTVERK OG FRAMTÍÐARSÝN UMSB</b> .....          | <b>29</b> |
| GILDI .....  | 29        |
| MARKMIÐ UMSB .....   | 30        |
| STEFNUR OG SAMÞYKKTIR UMSB .....                           | 31        |
| <i>Umhverfisstefna UMSB</i> .....                          | 31        |
| <i>Jafnréttisstefna UMSB</i> .....                         | 32        |
| <i>Fræðslustefna UMSB</i> .....                            | 34        |
| <i>Félagsmála og forvarnarstefna UMSB</i> .....            | 35        |
| <i>Siðareglur UMSB</i> .....                               | 36        |
| <i>Fagráð UMSB</i> .....                                   | 37        |
| <b>REGLUGERÐIR UMSB</b> .....                              | <b>37</b> |
| REGLUGERÐ UM SKIPTINGU Á LOTTÓTEKJUM UMSB .....            | 37        |
| REGLUGERÐ UM AFREKSMANNASJÓÐ UMSB .....                    | 38        |
| REGLUGERÐ UM VERÐLAUNAAFHENDINGAR UMSB .....               | 40        |
| REGLUGERÐ UM ÍPRÓTTAMANN BORGARFJARÐAR .....               | 40        |



## Saga UMSB

Aðdragandi að stofnum UMSB má rekja til þess þegar hópur ungra manna var á bændanámskeiði á Hvanneyri sem haldið var um mánaðarmótin janúar- febrúar 1912. Á þessu námskeiði voru komnir margir leiðandi félagar í ungmennafélagunum sem höfðu verið stofnuð á árunum á undan. Föstudagskvöldið 2. febrúar 1912 var haldinn undirbúningsfundur á Hvanneyri þar sem félagar úr 7 ungmennafélögum úr héraðinu voru staddir og var ákveðið að efna til stofnfundar ungmennasambands ungmennafélaganna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Sá fundur var haldinn að Hvítárbakka 26 apríl 1912, á fundinum mættu fulltrúar frá eftirtöldum ungmennafélögum: Reykdælum, Dagrenningu, Íslendingi, Haukum, Birni Hítadælakappa Agli Skallagrímssyni og Baulu. Á þeim fundi var samþykkt að samþykkja lög og kjósa stjórn sem hvorutveggja var til bráðabirgða. Löggin voru síðan lögð fyrir hvert félag, Um vorið tilkynntu öll þau félög sem fulltrúa áttu á fundinum þátttöku sína í UMSB að auki Umf. Brúin. Fyrsta stjórn skipuðu þeir Páll Zóphoníasson, formaður og meðstjórnendur þeir Bjarni Ásgeirsson og Jón Hannesson. Allir þessir menn áttu síðan eftir að verða áhrifamenn í þjóðfélaginu.

Fyrsta sambandsþingið var haldið á Hvanneyri í febrúar 1913. Strax á fyrstu árum UMSB einkenndist starf þess af íþróttamótum sem var aðalstarf sambandsins. Fyrsta íþróttamót UMSB var haldið á Hvítárbakka í ágúst. 1913, þar sem piltar og stúlkur syntu í Hvítá. Flokkakeppni var í sundi og glímu og sigruðu Reykdælir þar. Keppt var í 500 og 100 m. hlaupum. Íþróttanámskeið var haldið 1915 og stóð það í 14 daga. Í ýmsum greinum var keppt í á íþróttamótunum. meðal annars í kappslætti og kappreiðum. 1939 er fyrst keppt í handhnattleik kvenna á héraðsmóti, sem varð síðan fastur liður á héraðsmótunum ásamt knattspyrnu. Á árunum upp úr 1930 gátu Borgfirðingar sér góðan orðstýr í keppnum utan héraðs sérstaklega í víðavangshlaupum. Héraðsmótin fóru fram fyrstu árin á Hvítárbakka en 1919 fluttust þau að Þjóðólfsholti á bökkum Hvítár í landi Ferjukots og var keppt þar allt fram til 1961.

Árið 1938 gekkst UMSB fyrir stofnum Skógræktarfélags Borgarfjarðar. Á sambandsþingi 1939 var ályktað um virkjanamál, þar sem bent var á Andakílsárfossa sem álitlegan virkjunarstað. UMSB kom gaf út blaðið Vor sem kom út 1927-1933. Tímaritið Svanir var gefið út árið 1939 sem birti greinar, sögu og ljóð það átti að koma út sem ársrit UMSB en kom aðeins einu sinni út. Á sambandsþingi 1962 staðfesti UMSB aðild að byggðasafni í héraðinu ásamt fleiri félagasamtökum. Íþróttafólk frá UMSB tók þátt í landsmótum UMFÍ frá fyrstu tíð og árið 1961 fór fríður flokkur íþróttamanna norður í Lauga í Suður Þingeyjarsýslu og eru það mín fyrstu kynni af Borgfirsku íþróttafólki þar fylgdist ég 12 ára strákur með Borgfirsku hlaupurunum vinna sínar greinar, Björk Ingimundardóttir vann 100 m hlaupið og Haukur Engilbertsson 1500 og 5000 m þar var hann lang fyrstur nærri hring á undan næsta manni. Er það hlaup er mér mjög eftirminnilegt. Þá sýndi UMSB hópurinn slíka framkomu og umgengni að hópurinn var sæmdur háttþýðisverðlaununum mótsins og kom það í hlut Ragnars



Olgeirssonar þáverandi sambandsstjóra að taka við gripnum. Eftir þetta leit ég upp til Borgfirðinga og voru þeir trúðmenn og fyrirmyndafólk í mínum huga sem ég fékk síðan staðfest sjö árum síðar þegar ég kynntist þeim að eigin raun.

Árið 1943 var 5. Landsmóti UMFÍ haldið á Hvanneyri og hafði UMSB að flestu leyti veg og vanda að framkvæmd mótsins. Þar var byggð úti sundlaug 25 m löng veggir voru hlaðnir úr sniddu en trébil í endum laugin var köld. Íþróttavöllur var gerður á svo nefndri Fit skammt frá bökkum Hvítár. Fitin er renni slétt og hinn ákjósanlegasti íþróttavöllur. Þess ber að geta að knattspyrnu keppnin á Landsmótinu í Borgarnesi 1997 fór þar fram. Á fjórða þúsund gesta sóttu landsmótið. Mótið gekk vel, að vísu var veður ekki sem ákjósanlegast, var nokkur kuldagjóstur. Þótti undirbúningur og framkvæmd mótsins borgfirskum ungmennafélögum til sóma Stjórn UMSB annaðist framkvæmdastjórn og í stjórn voru þá Þorgils Guðmundsson sambandsstjóri, Ingimundur Ásgeirsson og Ásmundur Jónsson. Allt frá stofnum UMSB höfðu skólamál verið mikið rædd á sambandsþingum og hafði UMSB alla tíð styrkt alþýðuskólann á Hvítárbakka. Á sambandsþingi UMSB 1928 urðu miklar umræður um skólamál sem enduðu með samþykkt tillagna sem mörkuðu skýra stefnu um upphaf þess að Héraðsskólinn í Reykholti var stofnaður. UMSB vann einnig að því að Húsmæðraskólinn á Varmalandi yrði stofnaður og styrkti skólabygginguna fjárhagslega. Samþykkt var á sambandsþingi 1935 til skólanefnda í héraðinu áskorun um að taka upp leikfimi kennslu á öllum barnaskólum. Var þeirri ályktum fylgt eftir.

Á sambandsþingi 1963 voru samþykktar tillögur um merkingar vega og sveitabýla og hafði UMSB frumkvæði þar um. Um sumarið 1965 var fyrsta frjálsíþróttamótið haldið á Varmalandsvellingum en mörg undan farin ár hafði verið unnið við völinn og hann kostað sambandið allmikið. Við þetta batnaði aðstaða til íþróttaiðkanna. Síðar fluttust íþróttamótin í Borgarnes. UMSB starfrækti sumarþing fyrir unglinga á Varmalandi 1965 og voru þær fastur liður í starfsemi UMSB um árabíl. Síðar voru þær starfræktar á árunum 1983-1989. Til ársins 1967 hafði stjórnin annast alla framkvæmdarstjórn sjálf og ekki haft fastan starfsmann en þá var fyrsti framkvæmdarstjóri UMSB ráðinn sem var Höskuldur Goði Karlsson en áður hafði hann komið að stjórnnum sumarþinga og íþróttabjálfunar. Breytti þetta miklu um starfsemi UMSB og á næstu árum varð allmikil gróska í íþróttastarfi UMSB en árin þar á undan hafði verið lögð í íþróttastarfinu.

Undir forustu Sigurðar Guðmundssonar á Leirá er komið á unglingsmóti á Leirá 1968 svokölluðum vorleikum sem haldir hafa verið fram til þessa en er nú orðnir hluti af héraðsmóti UMSB og haldnir í Borgarnesi. Án efa hafa vorleikarnir haft mjög jákvæð áhrif á allt frjálsíþróttastarf hjá UMSB. Á þinginu 1967 var samþykkt að heimila stjórninni að gangast fyrir útihátíð. Farið var stað strax um vorið að undirbúa útihátíð að Húsafelli sem haldin var um verslunarmannahelgina. Vandað var til skemmtiatriða og tókst samkoman vel. Mikil vinna var á höndum ungmennafélaga til að sem best tækist. Alls komu um 7000 manns á hátíðina. Á næstu árum voru útihátíðar haldnar og árið 1970 er talið að yfir 20000 manns hafi sótt hátíðin. Síðasta útihátíðin var haldin 1976. Árið 1987 var Húsafellsmótið endurvakið en þá á öðrum stað í landi Húsafells. Ekki varð um frekari samkomur. Árin eftir Húsafellsmótin hélt UMSB dansleiki í nokkur ár um verslunarmannahelgina. Árið 1975 kom í hlut Borgfirðinga að sjá um 15. Landsmót UMFÍ. Í fyrstu var talað um að halda það á Varmalandi og Húsafelli jafnvel víðar í héraðinu, en niðurstaðan var að það var haldið á Akranesi í samvinnu við við UMF. Skipaskaga. Sigurður Guðmundsson á Leirá var formaður landsmótsnefndar og Ingólfur Steindórsson var framkvæmdastjóri. Mótið tókst í alla staði vel og fór vel fram og var eitt



glæsilegasta landsmót til þess tíma. En gestafjöldi brást og varð mótið UMSB fjárhagslega erfitt. UMSB hefur oft staðið fyrir skemmtanahaldi til fjáröflunar. Árið 1969 var háð spurningarkeppni milli sambandsaðila og einnig 1981. Árið 1984 var spurningakeppni milli sveitarstjórnarmanna og 1991 milli aðildarféлага ungmennafélaga.

Þessar skemmtanir voru vinsælar og gáfu nokkrar tekjur. UMSB tók þátt í Borgfirðingavöku 1974 í samstarfi við önnur félagasamtök í héraðinu. Ekki voru þessar samkomur árlega. Síðast var haldin Borgfirðingavaka 1989. Árið 2001 var staðið að svokölluðu Vorblóti, þar sem listamenn úr héraðinu komu saman í Íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi og skemmtu til styrktar ferð á Landsmót UMFÍ á Egilsstöðum seinna um sumarið. Það var á árinu 1989 sem samstarf hófst milli Ungmennasambands Borgarfjarðar og Sparisjóðs Mýrasýslu um Sparisjóðshlaupið að frumkvæði Bjarna Bjarnasonar. Bjarni gaf veglegan farandbikar sem sigursveitin hlýtur og er bikarinn enn í umferð. Sparisjóðurinn sem er aðal styrktaraðili UMSB hefur kostað hlaupið og boðið öllum þátttakendum að loknu hlaupi í veitingar á Hótelinu í Borgarnesi. Bjarni Bjarnason gaf einnig farandbikar til Helgusunds. En það var keppni um sund frá Geirshólma í Helguvík í Hvalfirði. Aðeins einu sinni hefur verið tekið þátt í þessu sundi árið 1992 og var einn keppandi Kristinn Einarsson sem synti.. Þetta var merkt framtak en mikinn viðbúnað þurfti til þess að gæti orðið að sundinu og hefur stjórn UMSB ekki treyst sér í frekari keppni. Skrifstofu og fundaraðstaða UMSB var í mörg ár á heimili sambandsstjóra þar sem hann geymdi þau gögn sem fylgdu starfinu í árslok 1982 fékk UMSB inni í herbergi í Íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi og síðar var innréttuð skrifstofa í bílskúrnunum hjá Ingimundi Ingimundarsyni árið 1986 þegar hann tók við framkvæmdastjórn UMSB.

Árið 1988 var keypt númerandi húsnæði að Borgarbraut 61. Við það stórbatnaði öll aðstaða stjórnar og starfsmanna. Árið 1987 hóf UMSB útgáfu á héraðsfréttablaðinu Borgfirðingi í samvinnu við verkalyðsfélagið í Borgarnesi Ingimundur Ingimundarson var driffjöðrin að blaðinu og fyrsti ritstjóri. Blaðið kom út til ársins 1996. Þá var það selt. 1988 samþykkti ÍSÍ reglur um aðild hestamannafélaganna að ÍSÍ 1990 gengu íþróttadeildir hestamannafélaganna Skugga og Faxe í UMSB. Íþróttafélagið Kveldúlfur var stofnað 1992 og gekk þá í UMSB. Íþróttafélagið er félag fatlaðra.

Meðal þeirra fjáraflana sem unnið hefur verið að árlega er að gefa út þjónustualmanak UMSB, dagatal í A3 formi með handhægum upplýsingum um símanúmer fyrirtækja og stofnana í héraðinu. Jólamerki hafa árlega verið gefin út með myndum af kirkjum úr héraðinu. Myndirnar eru teiknaðar af Guðmundi Sigurðssyni í Borgarnesi. Árið 1998 komst á samstarf milli Skógræktarfélags Borgarfjarðar og UMSB um skógargöngur á afmælisári Skóræktarfélagsins. Göngurnar um skóga Borgarfjarðar urðu alls 10. Næsta ár var ákveðið að UMSB stæði fyrir kvöldgöngum vítt um héraðið. Var farið í 8 kvöldgöngur 1999, 9 árið 2000 og 10 árið 2001.

Íþróttamaður Borgarfjarðar var fyrst kjörin árið 1980 og hlaut langhlauparinn Jón Diðriksson þann titil fyrstur Borgfirðinga. Síðan hefur bikarinn verið veittur árlega. Árið 2001 hlaut einnig hlaupari titillinn en það var Gauti Jóhannesson. 22. landsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi 1997, þetta eitt stærsta verkefni sem UMSB hefur ráðist í og hófst undirbúningur árið 1994. Formaður landsmótsnefndar var Ingimundur Ingimundarson og framkvæmdarstjóri Kristmar Ólafsson. Bæjarstjórn Borgarness sýndi málinu strax áhuga sem hún fylgdi eftir. Byggður var upp fullkominn frjálsíþróttavöllur og byggð útisundlaug. Vel tókst með þessar framkvæmdir og er aðstaðan hin glæsilegasta. Hefur hún verið íþróttalífi í héraðinu mikil lyftistöng. Mótið tókst mjög vel og var gerður góður rómur hvað varðaði skipulag




allt, sérstaklega skipulag starfsmannamála, var gott. Mótið skilaði hagnaði til UMSB. Þó UMSB hafi víða komið að málefnum í héraði hafa íþróttir ætíð verið aðalastaf UMSB og hefur það séð um fjölda Íslands- og bikar móta í gegn um árin. Með tilkomu glæsilegrar íþróttaaðstöðu í Borgarnesi hefur UMSB tekið að sér nokkur stór mót. Fyrir utan Landsmótið 1997 má nefna árið 1998 Meistarmót Íslands 15- 22 ára, 1999 Meistarmót Íslands 12-14 ára, öldungamót Íslands og Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi. Árið 2000 Norðurlandamót unglunga sem var mjög krefjandi mót. Öll þessi mót kröfðust mikillar vinnu og komust félagar UMSB vel frá þeim og nutu lof fyrir gott starf. Í heild gáfu þessi mót UMSB góðar tekjur og mikla vinnu.

Íris Grönfeldt hefur verið héraðsþjálfari frá haustinu 1989 og hefur borið hitann og þungann af úrvalslíði UMSB í frjálsum íþróttum, jafnframt því að halda úti héraðsæfingum fyrir alla aldurshópa. Ekki er hægt að ræða íþróttamál í héraðinu án þess að nefna í Ingimund Ingimundarsson en hann var um árabíl þjálfari í sundi og frjálsum íþróttum bæði í launuðu og ólaunuðu starfi, einnig kom hann að þjálfun í borðtennis og átti UMSB öflugt borðtennis lið um tíma. Margir aðrir hafa komið að þjálfun íþróttafólks UMSB þó þessi tvö séu hér nefnd. Héraðsmót í sundi og frjálsum íþróttum hafa verið haldin árlega og mörg önnur mót innan héraðs. Um tíma var haldið héraðsmót í borðtennis en ekki nú á seinni árum. Héraðsmót í hestaíþróttum hefur að minnsta kosti tvisvar verið haldið. Íþróttafólk innan raða UMSB hefur tekið þátt í mörgum mótum á landsvísu og hlotið marga Íslandmeistaratitla og keppt á erlendri grundu og ber hæst Ólympíuleikafaranna þau Einar Vilhjálmsson, Íris Grönfeldt og Einar Trausta Sveinsson. UMSB hefur alla tíð haft metnað til að senda föngulegan hóp á Landsmót UMFÍ og hefur oft náð góðum árangri þó að liðið hafi oft verið ungt að árum. UMSB hefur staðið fyrir íþróttuferðum eða æfingabúðum erlendis í nokkur skipti nú síðast til Portugals um síðustu páska með frjálsíþróttafólk.

Sumarið 2001 kom upp sú hugmynd að stofna þjónustumiðstöðvar UMFÍ út um landið. Í febrúar var skrifað undir samning við UMFÍ um stofnun þjónustumiðstöðva UMFÍ, í Borgarnesi á vegum UMSB, ásamt fjórum öðrum héraðssamböndum. Þjónustusvæði miðstöðvar UMFÍ í umsjá UMSB er svæði Umf. Skipaskaga á Akranesi, HSH, UDN og USVH. Það er því nú í okkar höndum að vinna markvisst að uppbyggingu þjónustumiðstöðvar UMFÍ í Borgarnesi. Núverandi samningur gildir út árið og því mikilvægt að standa vel að verkefninu, þannig að það verði í umsjá UMSB til lengri tíma. Hér er komið að nýjum starfvettvangi UMSB sem vonandi á eftir að efla og styrkja það starf sem hingað til hefur verið unnið. Hér mun ég láta staðar numið. Helstu heimildir sem ég hef unnið eftir eru afmælisrit UMSB og ársskýrslur og mikið stuðst við greinar Jóns A Guðmundssonar frá Innra Hólmi sem rakti sögu UMSB fyrstu 60 árin. Það er ljóst að hér hefur verið stiklað á stóru og ekki getið þeirra fjölmörgu sem borið hafa starf UMSB uppi hver á sínum tíma. Þeirra verður vonandi minnst ef ráðist verður í að skrifa sögu UMSB fyrir 100 ára afmælið.

***Erindi Guðmundar Sigurðssonar sem flutt var á 90 ára afmælishátíð UMSB 25. apríl 2002 í Logalandi***

## Skipulag íþróttahéraðs



## Hlutverk stjórnar og starfsmanna

### Vinnureglur stjórnar UMSB

Úr lögum UMSB er tilgreint að stjórn UMSB skal boða formenn allra aðildarfélaga og deilda þeirra á formannafund eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skyld er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt. Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar félaga en nefndarmenn aðeins ef um sérmálefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

Sambandsstjórn heldur stjórnarfundum svo oft sem þurfa þykir. Skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarfélaga sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana sem lög og þingsamþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

Ásamt því að fylgja þeim atriðum sem tilgreind eru í lögum UMSB fylgir stjórn UMSB stefnu ÍSÍ í barna og unglingaíþróttum og menntun þjálfar.



## Skipun stjórnar - hlutverk stjórnarmanna

Í lögum UMSB segir: Stjórn sambandsins skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn en kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár. Þannig skulu annað árið kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra.

Gefi stjórnarmaður, sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum, kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. Reikningsár skal vera almanaksárið.

## Hlutverk stjórnarmanna

Stjórnin stýrir starfsemi UMSB í samræmi við niðurstöðu sambandsþings ár hvert og því sem fram kemur í lögum, stefnum og markmiðum UMSB.

- Stjórnarmenn kynni sér lög og samþykktir UMSB sem og þeirra samtaka sem UMSB er aðila að.
- Stjórnarmenn móta starf og stefnu UMSB, setja markmið og gera áætlanir.
- Stjórnarmenn sitja í ráðum og nefndum á vegum stjórnarinnar og leggja til þá faglegur þekkingu sem þeir hafa sem nýtist UMSB sem best.
- Stjórn setji sig vel inn í starfsemi UMSB og aðildarféлага og er vakandi gagnvart þeim tíðaranda í samfélaginu sem áhrif getur haft á starfsemina.
- Stjórn fer eftir þeim ákvörðunum sem stjórn tekur enda eru þær teknar á lýðræðislegan hátt á fundi stjórnar.
- Stjórn stýrir fjármálum UMSB, sér um gerð fjárhagsáætlana ásamt bókhalds- og fjárhagslegu aðhaldi
- Stjórn leysir þau vandamál sem upp kunna að koma.

## Sambandsstjóri helstu verkefni

- Sambandsstjóri hefur yfirsýn með starfsemi UMSB og sér til þess að stefnu sé fylgt.
- Sambandsstjóri er fulltrúi UMSB út á við
- Sambandsstjóri situr formannafundi, þing og aðra viðburði er tengjast ÍSÍ og UMFÍ.
- Sambandsstjóri sér um að skipuleggja stjórnarfundi, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra.
- Sambandsstjóri sér til þess að lögum sambandsins og samþykktum stjórnarfunda og ársþings sé framfylgt.
- Sambandsstjóri virkjar aðildarfélag og féлага til starfa í þágu sambandsins og aðildarféлага þess.





- Sambandsstjóri hefur umsjón og eftirlit með samningum og samningagerð fyrir hönd sambandsins.
- Sambandsstjóri starfar náið með öðrum stjórnamönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur, útteila verkefnum í samráði við stjórnarmenn, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra.

#### Varasambandsstjóri

- Í forföllum sambandsstjóra tekur varasambandsstjóri við störfum hans.
- Hann þarf að vera upplýstur um stöðu mála er varða sambandið.
- Hann kemur fram fyrir hönd stjórnar í samráði við formann.
- Varasambandsstjóri starfar náið með öðrum stjórnamönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hverju sinni .

#### Gjaldkeri

- Gjaldkeri er ábyrgur fyrir öllum fjármálum og bókhaldi félagsins.
- Gjaldkeri sér um gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi framkvæmdastjóra og leggur hana fyrir stjórn ásamt formanni.
- Gjaldkeri greiðir reikninga ásamt því að halda utan um sjóði UMSB.
- Gjaldkeri hefur yfirsýn yfir innheimtu og sér til þess , í samráði við framkvæmdastjóra að skuldir séu innheimtar.
- Gjaldkeri sér til þess að gjöld sem ber að greiða séu greidd.
- Gjaldkeri setur fram ársreikning í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- Gjaldkeri starfar náið með öðrum stjórnamönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

#### Ritari

- Ritari er ábyrgur fyrir fundargerðum stjórnarfunda.
- Ritari sér um fundagerðir á formannafundum UMSB.
- Ritari passa upp á að vistun og varðveisla fundargerða sem haldið til haga.
- Ritari vinnur að árskýrslu í samvinnu við framkvæmdastjóra og stjórn.
- Ritari starfar náið með öðrum stjórnamönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

#### Meðstjórnandi

- Meðstjórnandi tekur virkan þátt í að fylgja stefnu og markmiðum UMSB.
- Meðstjórnandi starfar náið með öðrum stjórnamönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

#### Varamenn

- Varamenn stjórnar eru boðaðir á alla fundi stjórnar UMSB
- Varamenn koma inn í stjórn í forföllum aðalmanna og taka við þeirra hlutverki.



## Framkvæmdastjóri

- Framkvæmdastjóri sinnir allri almennri skrifstofuvinnu fyrir UMSB.
- Framkvæmdastjóri annast samskipti við aðildarfélög UMSB.
- Framkvæmdastjóri annast samskipti við ÍSÍ og UMFÍ
- Framkvæmdastjóri fylgir eftir stefnu og markmiðum UMSB í samvinnu við stjórn.
- Framkvæmdastjóri vinnur að þeim verkefnum sem stjórn hefur samþykkt að fara í á hverjum tíma.
- Framkvæmdastjóri fylgir eftir samþykktum af sambandsþingi í samvinnu með stjórn.
- Framkvæmdastjóri vinnur að fjárhagsáætlun, ársreikningi, bókhaldi ásamt gjaldkera og sambandsstjóra.
- Framkvæmdastjóri vinnur, ásamt formanni stjórnar UMSB, að undirbúningi funda er varða málefni UMSB og hefur yfirumsjón með allri útgáfu.
- Framkvæmdastjóri skal gæta þess að vera í nánun samstarfi við stjórn UMSB og nefndir um framkvæmd mála hverju sinni.
- Framkvæmdastjóri skal sitja fundi stjórnar UMSB.

## Tómstundastjóri

- Tómsundastjóri vinnur eftir samningi sem UMSB hefur gert við Borgarbyggð.
- Tómsundastjóri heldur utan um tómsundaskóla í Borgarnesi, Hvanneyri, Varmalandi og á Kleppjárnsreykjum. Sér um skipulag og heldur utan um skráningar og starfsfólk.
- Tómsundastjóri sér um starf félagsmiðstöðvar Óðals í Borgarbyggð
- Tómsundastjóri sér um sumarfjör í Borgarnesi, Hvanneyri, Varmalandi og á Kleppjárnsreykjum.
- Tómsundastjóri sér um vinnuskóla á Varmalandi, Hvanneyri, kleppjárnsreykjum og í Borgarnesi.
- Tómsundastjóri skal sitja fundi stjórnar UMSB.

## Samningar við sveitarfélög sem eru innan UMSB

Allir samningar sem gerðir eru við sveitafélög innan UMSB eru aðgengilegir á heimasíðu UMSB [www.umsb.is](http://www.umsb.is). Samningar eru við Borgarbyggð, Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit. Gott samstarf er á milli aðila og er gagnkvæmt traust á milli aðila.

### Um samninginn.

Samningar milli UMSB og sveitafélaga er ætlað að efla starf UMSB og aðildarfélaga þess með megináherslu á barna og unglingastarf auk þess að stuðla að auknu samstarfi UMSB og Borgarbyggðar á sviði íþróttamála. Áhersla er lögð á mikilvægi þess öflugra starfs sem UMSB og íþróttahreyfingin sinnir fyrir samfélagið í heild. Til þess að UMSB geti rækt hlutverk sitt styrkir Borgarbyggð sambandið árlega með beinum og óbeinum fjárframlögum.



Í samningum milli UMSB og sveitarfélaga er UMBS samnefnari fyrir öll aðildarfélög sín og deilda þeirra að því marki sem lýtur að almennri íþrótt- og félagsstarfsemi þeirra.

## 2. Tilgangur og hlutverk

### Tilgangurinn með samstarfi UMSB og Borgarbyggðar er:

- a) að efla starf að íþróttamálum í sveitarfélaginu.
- b) að gera UMSB kleift að veita aðildarfélögum sínum, iðkendum og íbúum sveitarfélagsins vandaða og markvissa þjónustu á sviði íþrótt- og félagsstarfs.
- c) að auka fagmennsku og þekkingu í starfi íþróttahreyfingarinnar jafnt á íþrótt-, félags- og rekstrarlegu sviði.
- d) að færa ákvörðunarvald um íþrótt- og félagstengd málefni nær félagsmönnum hreyfingarinnar.
- e) að efla hlutverk UMSB sem sameiginlegs málsvara alls íþróttastarfs í Borgarbyggð.
- f) að fjölga iðkendum m.a. með aukinni samvinnu samningsaðila um málefni hreyfingarinnar.
- g) að stuðla að forvörnum m.a. með fræðslu til iðkenda og starfsmanna í hreyfingunni um skaðsemi vímuefna.
- h) að búa UMSB undir enn frekari verkefni á sviði íþrótt- og félagsstarfs.

### Hlutverk UMSB samkvæmt samningi þessum er:

- a) að reka þjónustumiðstöð sem sér m.a. um samskipti og þjónustu við aðildarfélögin.
- b) að vera milliliður í samskiptum íþróttahreyfingarinnar og Borgarbyggðar.
- c) að styðja og hvetja aðildarfélögin til faglegra vinnubragða á íþrótt-, rekstrar, og félagssviðinu.
- d) að skipta styrkjum frá Borgarbyggð samkvæmt viðauka nr. 1 á milli aðildarfélaga sinna.
- e) að skipta tímum í íþróttamannvirkjum í rekstri Borgarbyggðar á milli aðildarfélaga sinna.
- f) að hafa umsjón með kjöri og útnefningu íþróttamanns Borgarfjarðar.
- g) að hafa umsjón með og sjá um úthlutanir úr afreksmannasjóði Borgarbyggðar og UMSB.
- h) að sjá um framkvæmd heilsuviku Borgarbyggðar.
- i) að gera tillögu að forgangsröðum íþróttahreyfingarinnar um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarbyggð
- j) að hafa eftirlit með starfsemi aðildarfélaga sinna bæði faglegri og fjárhagslegri.
- k) að hafa ávallt tiltækar upplýsingar um framboð á íþróttastarfi í sveitarfélaginu og miðla þeim á einfaldan og skilvirkan hátt til íbúa sveitarfélagsins.

### Hlutverk Borgarbyggðar samkvæmt samning þessum er:

- a) að skapa sterka umgjörð um íþróttastarf í héraðinu m.a. með uppbyggingu íþróttamannvirkja sem þjónar bæði keppnis- og almenningsíþróttum.
- b) að styðja fjárhagslega starfsemi UMSB og aðildarfélaga þess.
- c) að stuðla að því að íþróttastarf í sveitarfélaginu byggist á faglegum grunni þar sem höfuðáhersla er lögð á menntun og þekkingu starfsmanna og leiðbeinenda.
- d) að hvetja íþróttahreyfinguna til að leggja áherslu á forvarnir í starfi sínu.

## 3. Samskipti UMSB og Borgarbyggðar

Öll samskipti milli aðildarfélaga UMSB og Borgarbyggðar um almenna íþrótt- og félagsstarfsemi skulu fara fram í gegnum þjónustumiðstöð UMSB. Í þessu felst að öll erindi frá aðildarfélögum og deildum þeirra til Borgarbyggðar skulu fara til þjónustumiðstöðvar UMSB til samráðs, úrvinnslu og ákvarðanatöku. Á sama hátt skal Borgarbyggð senda öll erindi til



Íþróttahreyfingarinnar til þjónustumiðstöðvar UMSB. Berist Borgarbyggð erindi beint frá aðildarfélagi skal Borgarbyggð senda það til þjónustumiðstöðvar UMSB til ákvarðanatöku og umsagnar.

Samræmist innsend erindi samningi þessum skal UMSB taka ákvörðun um afgreiðslu svo fljótt sem verða má. Ef erindið fellur ekki undir samning þennan skal þjónustumiðstöð UMSB, í samráði við viðkomandi aðildarfélag, áframsenda erindið til Borgarbyggðar þar sem ákvörðun er tekin um afgreiðslu þess. UMSB skal tilkynna stjórnnum aðildarfélaganna um afgreiðslu þjónustumiðstöðvar á erindum þeirra. Borgarbyggð skal tilkynna UMSB um afgreiðslu erinda sem berast frá UMSB og UMSB tilkynnir síðan viðkomandi aðildarfélagi afgreiðslu Borgarbyggðar. Öll erindi milli aðildarfélaganna, UMSB og Borgarbyggðar skulu vera skrifleg. Stjórn UMSB getur falið starfsmönnum sínum að sinna samskiptum og afgreiðslu erinda frá aðildarfélögum og Borgarbyggð að hluta til eða að öllu leyti, en eins getur stjórn UMSB falið starfsmönnum sínum að sinna þessum erindum í samvinnu og samstarfi við stjórn viðkomandi félags.

Framkvæmdastjóri UMSB og fulltrúi Borgarbyggðar skulu hittast í það minnsta einu sinni í mánuði og fara yfir þau verkefni sem eru á döfinni, samskipti UMSB og Borgarbyggðar og efndir samnings að öðru leyti. Framkvæmdastjóri og formaður UMSB skulu ársfjórðungslega hitta Tómsbundanefnd Borgarbyggðar þar sem fara skal yfir sömu mál auk framtíðarverkefna íþróttahreyfingarinnar.

#### 4. Þjónustumiðstöð

UMSB skal reka þjónustumiðstöð sem hefur það að meginmarkmiði að efla og styðja starf aðildarfélaganna og að halda utanum samskipti þeirra við Borgarbyggð. Í þjónustumiðstöðinni skulu íbúar geta sótt upplýsingar og þjónustu á einum stað um allt sem varðar íþróttastarf í sveitarfélaginu. UMSB skal ráða framkvæmdastjóra í fullt starf til að veita þjónustumiðstöðinni forstöðu. Verksvið þjónustumiðstöðvarinnar er:

- a) að halda utanum samskipti íþróttahreyfingarinnar og Borgarbyggðar.
- b) að fylgjast með að starf aðildarfélaganna byggist á faglegum forsendum.
- c) að fylgjast með og leiðbeina aðildarfélögum um fjárhagslegan rekstur.
- d) að aðstoða félögin við að byggja starfsemi sína upp, faglega, fjárhagslega og starfslega
- e) að aðstoða félögin við stærri verkefni í samræmi við vinnureglur þar um.
- f) að fylgjast með og hafa á hverjum tíma upplýsingar tiltækar og aðgengilegar um starfsemi aðildarfélaganna þ.m.t. æfingatöflur, upplýsingar um stjórnir, starfsmenn o.fl.
- g) að leiða umræðu um málefni íþróttahreyfingarinnar og á hvaða hátt megi efla starfsemi hennar.
- h) að stuðla að umræðu um hlutverk sveitarfélagsins í stuðningi og uppbyggingu íþróttastarfs í sveitarfélaginu.
- i) að hafa forgöngu um að styrkja rekstur UMSB m.a. með flutningi verkefna frá móðurfélögum UMSB, sveitarfélaginu og ríkinu.
- j) að halda merki og mikilvægi íþróttahreyfingarinnar í sveitarfélaginu á lofti m.a. með umræðu og kynningu bæði útávið og innávið.

Þjónustumiðstöðin skal hafa fastan opnunartíma sem kemur fram á heimasíðu sambandsins. Stjórn UMSB skal setja þjónustumiðstöðinni vinnureglur þar sem fram kemur nánar hvaða verkefni miðstöðinni er heimilt að vinna fyrir aðildarfélögin og í hvaða mæli. Einnig skal UMSB semja starfslýsingu fyrir framkvæmdastjóra.

Borgarbyggð greiðir UMSB árlegan þjónustustyrk til að reka þjónustumiðstöðina, sjá viðaukasamning 1.



## 5. Faglegar kröfur til UMSB

UMSB skal starfa af fagmennsku að öllum þáttum starfsins og gera kröfur til aðildarfélaganna á sama hátt. Fyrir árslok 2013 skal UMSB ljúka við að setja upp og innleiða skipulag samkvæmt gæðastaðli ÍSÍ um „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“. Á sama tíma skal UMSB skila inn áætlun til Borgarbyggðar um hvernig unnið verði að því með aðildarfélögum sambandsins sem sinna íþróttastarfi að taka upp og innleiða staðalinn.

Í handbók um „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“ er lýst þeim faglegu kröfum sem gerðar eru til félaga sem vinna með börnum og unglingum á þessu sviði. Þar eru kröfur um íþrótt-, félags- og fjárhagleg málefni auk þess sem gerðar eru kröfur um að félög móti sér jafnréttis-, umhverfis- og vímuvarnarstefnu auk eineltisáætlunar. Jafnframt skal UMSB móta viðbragðsáætlun við óvæntum atriðum. Með því að öðlast samþykki ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag er þessum stefnum og áætlunum komið á.

Samningsaðilar eru sammála um að leggja áherslu á það við aðildarfélög UMSB að flýta vinnu við upptöku staðalsins eins og kostur er þar sem það á við. Við úthlutun styrkja til aðildarféлага UMSB skal m.a. taka tillit til þess hvort viðkomandi félag hefur uppfyllt kröfur UMSB að þessu leyti.

Handbókin um fyrirmyndarfélagið, stefnur og áætlanir skulu vera aðgengilegar á vef UMSB. Einnig skal UMSB kynna aðildarfélögum sínum minnst einu sinni á ári þær skyldur sem felast í upptöku á gæðastaðli ÍSÍ.

## 6. Verkefni UMSB

Með undirskrift samnings þessa tekur UMSB að sér ýmis verkefni umfram það sem áður hefur verið nefnt í samning þessum. Borgarbyggð getur hvenær sem er óskað eftir að UMSB taki að sér ný verkefni og skal þá gerður sérstakur skriflegur samningur um hvert verkefni. UMSB getur unnið að þessum verkefnum sjálfst eða óskað eftir að aðildarfélagin vinni þau í umboði UMSB. Þjónustumiðstöð eða stjórn UMSB getur einnig haft frumkvæði að því að óska eftir tilteknum verkefnum frá Borgarbyggð. Þau verkefni sem UMSB tekur að sér að vinna með undirritun samnings þessa eru:

### 6.1. Skipting starfsstyrks

UMSB skal sjá um að skipta starfsstyrk frá Borgarbyggð á milli aðildarféлага sinna sem hafa starfssvæði innan Borgarbyggðar, sjá grein 7.1.2. Úthlutunarreglur um skiptingu styrksins sem UMSB og Borgarbyggð koma sér saman um eru í fylgiskjali A með samningi þessum. Í reglunum skal m.a. tryggja að öll félög sem sækja um styrk og halda úti ákveðnu lánmarksstarfi skipti tilteknu lágmarkshlutfalli af heildarstyrkuppheðinni á milli sín. Í reglunum skal til viðbótar taka tillit til umfangs starfs og kostnaðar við það, aldursamsetningar og fjölda iðkenda, hvort viðkomandi uppfylli gæðaviðmið samkvæmt grein 5 og hvort umsækjandi hafi skilað starfsskýrslum inn til UMSB.

### 6.2. Skipting tíma í íþróttamannvirki

UMSB skal sjá um að skipta tímum, í íþróttamannvirkjum sem Borgarbyggð rekur, á milli aðildarféлага sinna og deilda þeirra samkvæmt verklagsreglum sem UMSB og Borgarbyggð koma sér saman um og eru í fylgiskjali B með samningi þessum. Niðurröðun tíma skal ávallt vera tiltæk á heimasíðu UMSB.

Starfsmenn íþróttamannvirkja Borgarbyggðar skulu fylgjast með og skrá niður fjölda iðkenda í tímum í hverju mannvirki fyrir sig og afhenda UMSB mánaðarlega skýrslu um nýtingu tíma. Á



grundvelli skráningarinnar skal UMSB taka saman upplýsingar um nýtingu einstakra félaga eða deilda á tímum sínum. Komi í ljós tímar séu vannýttir skal UMSB hafa forgöngu um að ræða við viðkomandi félag eða deild og leita leiða til að bæta nýtinguna. Lagist nýting ekki er UMSB heimilt að úthluta tímum til annarra.

Mannvirkin sem um ræðir eru: Skallagrímsvöllur, Íþróttamiðstöðin í Borgarnesi, á Kleppjárnsreykjum og á Varmalandi. Sparkvellir í Borgarnesi, Hvanneyri og Bifröst. Samningur þessi tekur ekki til annara mannvirkja heldur en nefnd eru hér að framan.

### 6.3. Kjör íþróttamanns Borgarfjarðar

UMSB og Borgarbyggð hafa á undanförunum árum veitt íþróttafólki viðurkenningar í sitthvoru lagi. UMSB skal á gildistíma samningsins þessa sjá um sameiginlegt kjör Íþróttamanns Borgarbyggðar og UMSB auk þess að veita þær viðurkenningar sem hefð er fyrir s.s. fyrir landsliðssæti. Sá íþróttamaður sem hlýtur útnefningu í kjöri þessu skal bera nafnbótina „Íþróttamaður Borgarfjarðar“. Kjörið nær til Borgarbyggðar og félagssvæðis UMSB.

Fyrsta kjör Íþróttamanns Borgarfjarðar skal fara fram í janúar 2014 og vera fyrir árið 2013. Nánari reglur um kjörið eru í fylgiskjali C með samningi þessum.

Borgarbyggð greiðir UMSB árlega upphæð til að standa straum af kostnaði við kjörið og þeirri vinnu sem því fylgir, sjá viðaukasamning 1. með samningi þessum.

### 6.4. Afreksmannasjóður

Samningaaðilar eru sammála um að vinna að á samningstímanum að stofna sameiginlegan sjóð, sjá grein 7.2.2., sem hafi það hlutverk að styðja afreksíþróttafólk til frekari dáða. Sjóðurinn verði í umsjón UMSB sem ber ábyrgð á rekstri og styrkveitingum úr sjóðnum. Samningaaðilar skulu fyrir árslok 2013 ljúka við fjármögnun sjóðsins og að semja um hann úthlutunar reglur.

### 6.5. Heilsuvika

UMSB sér um árlega heilsuviku Borgarbyggðar. Markmiðið með heilsuviku er að hvetja íbúa sveitarfélagsins til að huga að heilsu sinni og að gefa aðilum sem stunda heilsueflingu færi á að kynna starfsemi sína. Markmiðinu skal m.a. ná með samstarfi fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga sem starfa á þessu sviði. Heilsuvika skal haldin í fyrstu viku október ár hvert og skulu UMSB og Borgarbyggð fyrir lok ágúst gera í sameiningu áætlun um áhersluatriði og sérverkefni heilsuviku hvers árs. Borgarbyggð greiðir UMSB árlega upphæð til að standa straum af kostnaði við heilsuvikuna og þeirri vinnu sem henni fylgir, sjá viðaukasamning 1. með samningi þessum.

### 6.6. Umsjón íþróttavalla

UMSB tekur að sér umhirðu og umsjón með Skallagríms-, Kleppjárnsreykja- og Varmalandsvelli í samræmi við viðaukasamning 2. með samningi þessum. UMSB er heilmilt að semja við þriðja aðila um að hann taki að sér umsjón vallana en ábyrgð UMSB gagnvart Borgarbyggð fellur ekki niður við það.

Greiðsla Borgarbyggðar til UMSB er tiltekin í viðaukasamning 1. með samningi þessum.

### 6.7. Uppbygging, forgangsröðun

UMSB skal í samstarfi við aðildarfélög sín móta og setja fram forgangsröð og áherslur íþróttahreyfingarinnar varðandi uppbyggingu og endurbætur, sem Borgarbyggð kemur að, á íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu. Forgangsröðunin skal vera í tvennu lagi þ.e. langtímauppbygging og uppbygging eða endurbætur til skamms tíma. Langtímauppbyggingin



skal í það minnsta taka til næstu 10 ára en skammtíma uppbygging og endurbætur til næstu fjögurra ára. Í forgangsröðuninni skal koma fram í hvað röð íþróttahreyfingin leggur áherslu á að uppbygging og endurbætur íþróttamannvirkja eigi sér stað og á hvað skuli leggja áherslu í hvert sinn. UMSB skal kynna sveitarstjórn forgangsröðun íþróttahreyfingarinnar fyrir 1. október ár hvert. Borgarbyggð mun kappkosta að fara eftir áherslum UMSB um uppbyggingu og endurbætur íþróttamannvirkja. Komi í veigarmiklum atriðum önnur forgangsröð fram í áætlunum sveitarfélagsins skal sveitarstjórn skýra UMSB frá þeirri ákvörðun og á hverju hún byggist.

Óski aðildarfélag UMSB eftir að ákveðin uppbygging fari fram, skal viðkomandi aðildarfélag senda umsókn í samráði við UMSB til Borgarbyggðar. Með umsókninni skal fylgja umsögn UMSB m.a. með tilliti til forgangsröðunar. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal síðan, m.a. á grundvelli umsagnar UMSB, afgreiða erindið og senda umsækjanda og UMSB svar. Ef UMSB eða aðildarfélag þess ræðst í framkvæmdir með stuðningi Borgarbyggðar skal í öllum tilfellum gera um framkvæmdirnar skriflegan samning áður en þær hefjast þar sem fram kemur m.a. kostnaðaráætlun, fjármögnun, kostnaðar- og eignaskipting og hvernig fara skuli með eignir ef til slita félags kemur. Þrátt fyrir aðkomu UMSB að umsókn um framkvæmdir sambandsaðila er UMSB á engan hátt ábyrgt fyrir framkvæmdum.

## 6.8. Rekstrar og starfsskýrsla

UMSB skuldbindur sig til að birta og skila rekstrar- og starfsskýrslu til Borgarbyggðar fyrir 1. maí ár hvert. Skil á skýrslunni er forsenda fyrir áframhaldandi greiðslum Borgarbyggðar til UMSB samkvæmt samningi þessum. Aðildarfélög UMSB skulu fyrir mars lok skila UMSB skýrslu um starf sitt fyrir liðið ár og skal heildarskýrsla UMSB m.a. byggjast á þeim. Skili aðildarfélög eða deildir þeirra ekki skýrslum inn til UMSB fyrir mars lok skal ekki úthluta viðkomandi félagi starfsstyrk.

Í rekstrarsskýrslum skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um starfsemi UMSB og aðildarféлага þeirra á liðnu ári. Í skýrslunni skal, þar sem það á við, aðgreina rekstur eldri iðkenda frá barna- og unglिंगastarfi samkvæmt ákvæðum í handbók um fyrirmyndafélag ÍSÍ. Í skýrslunni skal m.a. koma fram:

- a) starfsemi þjónustumiðstöðvar UMSB og helstu verkefni.
- b) starfsemi aðildarféлага UMSB.
- c) heildar fjöldi iðkenda innan UMSB og skipting þeirra milli aðildarféлага og deilda þeirra.
- d) skipting rekstrarframlaga frá UMSB til aðildarféлага og deilda á liðnu ári.
- e) fjöldi úthlutaðra tíma í íþróttamannvirkjum skipt niður á mannvirki, félög, deildir og aldur iðkenda.
- f) nýting aðildarféлага á úthlutaðum tímum.
- g) úthlutun úr afreksmannasjóði.
- h) lög og reglur sem starfsemi UMSB byggist á.
- i) áhersla UMSB fyrir árið og næsta starfsár.

## 6.9. Kynningarmál

UMSB skal kynna starfsemi sambandsins og aðildarféлага þess á eins skýran, áhrifaríkan og einfaldan hátt og hægt er. Einnig skal UMSB á sama hátt kynna samstarfið við Borgarbyggð og í hverju stuðningur sveitarfélagsins við íþróttalíf í héraðinu felst. UMSB skal sjá til þess að upplýsingar um þessa hluti séu tiltækar á einum stað, t.d. á sameiginlegri upplýsingasíðu á netinu, þar sem með einföldum og fljótlegum hætti má finna m.a.:

- a) lög og reglur UMSB og einstakra féлага og deilda þeirra.



- b) upplýsingar um stjórnir, nefndir og starfsmenn UMSB, félaga og deilda, nöfn þeirra, netföng og símanúmer.
- c) upplýsingar um starfsemi félaga og deilda, æfingatöflur, fyrirhugaðar keppnisferðir o.fl.
- d) lög og reglur aðildarfélaga.
- e) samþykktar stefnur UMSB (forvarnar-, umhverfis- og jafnréttisstefna-, eineltis-, og viðbragðsáætlun).
- f) reglur um úthlutun styrkja og úthlutun tíma í mannvirki.
- g) upphæðir styrka og fjölda úthlutaðra tíma, skipt niður á félög, deildir og aldur iðkenda.
- h) alla samninga sem starfsemi UMSB byggist á.
- i) fjárhagslegar upplýsingar um rekstur UMSB og aðildarfélaga þess.

## 6.10. Önnur verkefni

Samningsaðilar eru sammála um að leita allra leiða til að fjölga verkefnum þjónustumiðstöðvar UMSB og skjóta þannig styrkari stoðum undir rekstur miðstöðvarinnar. Í þessu skini mun UMSB og Borgarbyggð ræða sérstaklega minnst einu sinni á ári þessa grein samningsins og í hverju fjölgun verkefna getur falist. Á sama hátt mun UMSB einnig leita eftir nýjum verkefnum frá UMFÍ og ÍSÍ.

## 7. Styrkir Borgarbyggðar til UMSB

Allir styrkir Borgarbyggðar til íþróttamála í sveitarfélaginu hvaða nafni sem þeir nefnast skulu renna beint til UMSB sem ýmist nýtir þá til að standa straum af rekstri þjónustumiðstöðvar, útteilir þeim til aðildarfélaga sinna eða nýtir fjármunina í verkefni í samræmi við ákvæði í samningi þessum og viðaukasamningum með honum. Borgarbyggð styrkir UMSB með margvíslegum hætti. Um er að ræða beina fjárstyrki og einnig óbeina styrkir sem felast í öðrum gæðum m.a. afnotum af húsnæði og aðstöðu.

### 7.1. Fjárhagslegir styrkir

Beinir fjárhagslegir styrkir Borgarbyggðar til UMSB eru tvennskonar þ.e. þjónustustyrkur og starfsstyrkur.

#### 7.1.1. Þjónustustyrkur

Borgarbyggð greiðir UMSB árlegan styrk til að standa straum af rekstri þjónustumiðstöðvar sambandsins, sjá grein 4. og viðaukasamning 1. með samningi þessum.

#### 7.1.2. Starfsstyrkur

Borgarbyggð greiðir UMSB árlegan starfsstyrk sem rennur í heild til aðildarfélaga UMSB og deilda þeirra, sjá grein 6.1., viðaukasamning 1. og fylgiskjal A með samningi þessum.

### 7.2. Óbeinir styrkir

Borgarbyggð styrkir UMSB á ýmsan óbeinan hátt m.a. með aðgangi UMSB að mannvirkjum í eigu sveitarfélagsins sem UMSB ráðstafar í samræmi við samning þennan. Borgarbyggð úthlutar UMSB mannvirkjunum án endurgjalds en reiknar verðmæti afnotanna og upplýsir UMSB um það. UMSB skal kynna þennan þátt í stuðningi Borgarbyggðar við íþróttahreyfinguna á heimasíðu sinni og hvar sem því verður við komið. UMSB kappkostar að ganga vel um mannvirki sem hreyfingin hefur til afnota og að fylgja reglum sveitarfélagsins og viðkomandi mannvirkja þar um.





### 7.2.1. Afnot af íþróttaaðstöðu

Borgarbyggð úthlutar UMSB árlega tímum í íþróttamannvirki í rekstri sveitarfélagsins sem UMSB sér um að útdeila til aðildarfélaga sinna sjá grein 6.2 og fylgiskjal B. Mannvirkin sem hér um ræðir eru: Íþróttamannvirki í Borgarnesi, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi og sparkvellir í Borgarnesi, Hvanneyri og Bifröst.

### 7.2.2. Afnot af skrifstofuhúsnæði

Borgarbyggð og UMSB munu fyrir árslok 2013 ljúka við í sameiningu að skoða framtíðar staðsetningu á þjónustumiðstöð UMSB. Miðað er við að Borgarbyggð leggi UMSB til húsnæðið án endurgjalds og greiði af því allan rekstur.

Í tengslum við endurskoðun á framtíðarastöðu UMSB mun UMSB kanna möguleika á að selja núverandi húsnæði sitt að Borgarbraut 61. og nýta hluta söluandvirðisins til að efla afreksmannasjóð, sjá grein 6.4.

### 7.2.3. Önnur mannvirki

Borgarbyggð leggur UMSB og aðildarfélögum þess til ýmsa aðra aðstöðu, ýmist tímabundið eða til ótímabundinna nota. Afnot þessi skulu ávallt byggð á skriflegum samningum þar sem fram kemur m.a. til hvers mannvirki eru notuð og kostnaður afnotahafa af rekstri ef einhver er. Reiknað verðmæti afnotanna er tiltekið í viðaukasamningi 1. með samningi þessum. Samningur

## 8. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi 1. júní 2013 og gildir þar til honum er sagt upp. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er með 6 mánaða fyrirvara en þó ekki fyrr en 30. júní 2014. Samningaaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir að einstök atriði samningsins verðir endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurkoðun skal skrifa undir nýjan samning með áorðnum breytingum.

Viðaukasamningar með samningi þessum hafa sama gildistíma og samningur þessi nema annað sé sérstaklega tekið fram í þeim.

Komi til ágreinings um skyldur og réttindi aðila samkvæmt samningi þessum skal reka það mál fyrir Héraðsdómi Vesturlands. Aðilar skuldbinda sig til að hlýta niðurstöðu dómsins.

### Úthlutun starfsstyrkja

UMSB úthlutar starfsstyrkjum frá Borgarbyggð til aðildarfélaga sinna einu sinni á ári. Styrkir eru greiddir út 1. september og er tekið mið af starfsemi hvers félags á hverjum tíma. Til að sækja um styrk þarf að fylla út umsóknarblað sem finna má að heimasíðu UMSB. Skil á starfsstyrkjum til ÍSÍ eru fyrir 15. apríl ár hvert. Alla jafna er í góðu lagi.



## Samningur UMSB og Skorradalshrepps

### 1. Um samninginn.

Samningur þessi er gerður á milli UMSB og Skorradalshrepps til þess að gæta jafnræðis allra íbúa á starfssvæði UMSB. Starfssvæði UMSB nær yfir þrjú sveitarfélög; Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp og er það mjög mikilvægt að íbúar allra sveitarfélaganna séu jafnir þegar kemur að möguleikum þeirra á að nýta sér þjónustu UMSB.

### 2. Tilgangur og hlutverk.

**Tilgangurinn með samningi UMSB og Skorradalshrepps er:**

Samningi þessum er fyrst og fremst ætlað að jafna stöðu allra íbúa á starfssvæði UMSB. En mikilvægt er að allir íbúar á starfssvæðinu eigi jafna möguleika á að nýta sér þjónustu UMSB eins og t.d. sækja styrki í afreksmannasjóð UMSB og séu gjaldgengir í kjöri á íþróttamanni Borgarfjarðar.

**Hlutverk UMSB samkvæmt samningi þessum er:**

- a. Að sjá um og skipuleggja kjör og verðlaunaafhendingu fyrir íþróttamann Borgarfjarðar.
- b. Að sjá um, ávaxta og úthluta úr afreksmannasjóði UMSB.
- c. Að styðja við starfsemi UMF. Íslendinga sem starfar í Skorradalshrepp.

**Hlutverk Skorradalshrepps samkvæmt samningi þessum er:**

- d. Að kynna þjónustuna fyrir íbúum sveitarfélagsins.
- e. Að greiða UMSB fyrir þjónustuna í samræmi við 4. grein samningsins.

### 3. Atriði samnings

- f. Kjör íþróttamanns Borgarfjarðar og verðlaunaafhending.  
UMSB skal sjá um kjör íþróttamanns Borgarfjarðar í lok hvers almanaksárs og standa fyrir verðlaunaafhendingu í fyrrihluta janúar árið eftir. Nánari reglur um kjörið eru í viðauka 1.
- g. Úthlutun úr afreksmannasjóði UMSB.  
UMSB skal árlega auglýsa eftir umsóknum um styrki úr afreksmannasjóði og úthluta úr honum í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins sem eru í viðauka 2.
- h. UMSB gætir þess að íbúar Skorradalshrepps eigi jafna möguleika og íbúar annara sveitarfélaga á starfssvæði UMSB til þess að taka þátt í starfi ungmennafélaga sambandsins m.a. með stuðningi við UMF. Íslendinga sem starfar í Skorradalshrepp.



#### 4. Greiðsla

Skorradalshreppur greiðir UMSB árlega kr. 200.000.- sem greiðist með eingreiðslu 10.janúar ár hvert, og gildir sú greiðsla fyrir það almanaksár sem er að hefjast.

Upphæðin skiptist þannig að:

25.000,- kr. er vegna kjörs og verðlaunaafhendingar íþróttamanns Borgarfjarðar.

50.000,- kr. er til úthlutunar úr afreksmannasjóði UMSB.

125.000,- kr. er þjónustustyrkur vegna ungmennafélagsstarfs í sveitarfélaginu.

Upphæðin er tengd vísitölu neysluverðs sem er 174,4 stig við undirritun samnings og skal uppreikna upphæðina í byrjun hvers árs miðað við vísitölu í desember árið á undan.

Upphæðin skal uppreiknuð í fyrsta sinn við greiðslu í janúar 2016.

#### 5. Uppsögn og önnur ákvæði.

Samningur þessi tekur gildi 1. desember 2014 og gildir þar til honum er sagt upp. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er með 6 mánaða fyrirvara.

Samningsaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir að einstök atriði samningsins verði endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurkoðun skal skrifa undir nýjan samning með áorðnum breytingum.

Viðaukasamningar með samningi þessum hafa sama gildistíma og samningur þessi nema annað sé sérstaklega tekið fram í þeim.

Komi til ágreinings um skyldur og réttindi aðila samkvæmt samningi þessum skal reka það mál fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Aðilar skuldbinda sig til að hlíta niðurstöðu dómsins.

Borgarnesi 20. janúar 2015



## Samningur við Hvalfjarðarsveit

Sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit, kt. 630606-1950 og Ungmennasamband Borgarfjarðar, hér eftir nefnt UMSB, Borgarbraut 61, kt. 670269-0869 gera með sér svohljóðandi samstarfssamning.

### 1. Um samninginn.

Samningur þessi er gerður á milli UMSB og Hvalfjarðarsveitar til þess að gæta jafnræðis allra íbúa á starfssvæði UMSB. Starfssvæði UMSB nær yfir þrjú sveitarfélög; Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp og er það mjög mikilvægt að íbúar allra sveitarfélaganna séu jafnir þegar kemur að möguleikum þeirra á að nýta sér þjónustu UMSB.

### 2. Tilgangur og hlutverk.

Tilgangurinn með samningi UMSB og Hvalfjarðarsveitar er:

Samningi þessum er fyrst og fremst ætlað að jafna stöðu allra íbúa á starfssvæði UMSB. En mikilvægt er að allir íbúar á starfssvæðinu eigi jafna möguleika á að nýta sér þjónustu UMSB eins og t.d. sækja styrki í afreksmannasjóð UMSB og séu gjaldgengir í kjöri á íþróttamanni Borgarfjarðar.

#### Hlutverk UMSB samkvæmt samningi þessum er:

- a. Að sjá um og skipuleggja kjör og verðlaunaafhendingu fyrir íþróttamann Borgarfjarðar.
- b. Að sjá um, ávaxta og úthluta úr afreksmannasjóði UMSB.
- c. Að styðja við starfsemi Ungmenna og íþróttafélags Hvalfjarðarsveitar sem starfar í Hvalfjarðarsveit.

#### Hlutverk Hvalfjarðarsveitar samkvæmt samningi þessum er:

- a. Að kynna þjónustuna fyrir íbúum sveitarfélagsins.

### 3. Atriði samnings

- i. Kjör íþróttamanns Borgarfjarðar og verðlaunaafhending.  
UMSB skal sjá um kjör íþróttamanns Borgarfjarðar í lok hvers almanaksárs og standa fyrir verðlaunaafhendingu í fyrri hluta janúar árið eftir. Nánari reglur um kjörið eru í viðauka 1.
- j. Úthlutun úr afreksmannasjóði UMSB.  
UMSB skal árlega auglýsa eftir umsóknum um styrki úr afreksmannasjóði og úthluta úr honum í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins sem eru í viðauka 2.
- k. UMSB gætir þess að íbúar Hvalfjarðarsveitar eigi jafna möguleika og íbúar annara sveitarfélaga á starfssvæði UMSB til þess að taka þátt í starfi ungmennafélaga



sambandsins m.a. með stuðningi við Ungmenna og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar sem starfar í Hvalfjarðarsveit.

#### 4. Uppsögn og önnur ákvæði

Samningur þessi tekur gildi við undirskrift og gildir þar til honum er sagt upp. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er og tekur uppsögnin gildi við næstu mánaðarmót eftir uppsögn.

Samningsaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir að einstök atriði samningsins verðir endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurskoðun skal skrifa undir nýjan samning með áorðnum breytingum.

Viðaukasamningar með samningi þessum hafa sama gildistíma og samningur þessi nema annað sé sérstaklega tekið fram í þeim.

Komi til ágreinings um skyldur og réttindi aðila samkvæmt samningi þessum skal reka það mál fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Aðilar skuldbinda sig til að hlýta niðurstöðu dómsins.

Borgarnesi febrúar, 2020.



## Viðauki 1

### Íþróttamaður Borgarfjarðar Reglugerð

#### 1. grein

Sambandsstjóri UMSB ber ábyrgð á kjöri Íþróttamanns Borgarfjarðar.

#### 2. grein

Í fyrrihluta janúar ár hvert skal kjósa íþróttamann Borgarfjarðar. Kjörgengi hafa allir íþróttamenn sem náð hafa 14 ára aldri og hafa stundað íþrótt sína með aðildarfélagi UMSB eða átt lögheimili í sveitarfélagi sem er aðili að samstarfssamningi UMSB og sveitarfélaganna á starfssvæði UMSB um kjör íþróttamanns ársins á því ári sem kjörið nær til.

#### 3. grein

Hverju aðildarfélagi og hverri íþróttadeild er skylt fyrir 2. janúar ár hvert að tilnefna 1 einstakling eða þar. Tilnefningar og greinargerð á þar til gerðum eyðublöðum um árangur á árinu skal senda til þjónustumiðstöðvar UMSB. Stjórn UMSB og sveitastjórnir geta hver um sig ákveðið að tilnefna allt að 3 einstaklinga til viðbótar við þá er aðildafélög og deildir tilnefna bæði að eigin frumkvæði og eftir ábendingum frá almenningi. Auglýst skal sérstaklega eftir tilnefningum almennings. Tilnefningar ásamt greinargerðum skulu sendar rafrænt með kjörseðlum til þeirra er atkvæðisrétt hafa.

#### 4. grein

Þeir sem hafa atkvæðarétt í kjörinu eru:

- a) Stjórnarfolk í UMSB hefur eitt atkvæði hvert, stjórnir aðildarfélaga og stjórnir deilda þeirra eitt atkvæði hver stjórn.
- b) Sérstök þriggja manna valnefnd sem skipuð er með eftirfarandi hætti, einn tilnefndur á sambandsþingi UMSB, einn tilnefndur af Borgarbyggð og einn af stjórn UMSB. Fulltrúar UMSB skulu ekki eiga sæti í stjórn sambandsins.

Atkvæði greidd samkvæmt lið a gilda 50% á móti atkvæðum greiddum samkvæmt lið b.

#### 5. grein

Atkvæði greiddast þannig að sá sem lendir í fyrsta sæti fær 10 stig, sá sem lendir í öðru sæti fær 9 stig, sá sem lendir í þriðja sæti fær 8 stig og svo framvegis. Sá íþróttamaður sem fær flest atkvæði samanlagt frá þeim sem greiða atkvæði samkvæmt lið a hlýtur 10, sá sem fær næstflest fær 9 stig o.s.fv..



Sá íþróttamaður sem valinn er í fyrsta sæti samkvæmt lið b hlýtur 10 stig, sá næsti hlýtur 9 stig o.s.fv.

Leggja skal saman stigafjölda íþróttamanna samkvæmt lið a og b og sá íþróttamaður sem flest atkvæði fær samanlagt skal útnefnast íþróttamaður Borgarfjarðar. Standi tveir íþróttamenn upp með jafn mörg atkvæði skal val samkvæmt lið a ráða úrslitum. Sá íþróttamaður sem flest stig fær samkvæmt þessari aðferð hlýtur sæmdarheitið “Íþróttamaður Borgarfjarðar”.

#### 6. grein

Íþróttamaður Borgarfjarðar fær afhentan farandbikar til varðveislu í eitt ár. Letra skal á bikarinn nafn þess sem hann hlýtur og ártal. Bikarinn vinnst aldrei til eignar en þegar hann hefur verið afhentur í 10 ár skal hann tekinn úr umferð og skal eftir það geymdur í bikarsafni UMSB. Auk farandbikarsins skal Íþróttamaður Borgarfjarðar fá afhentan eignabikar og skal letra á hann nafn þess sem hann hlýtur og ártal.

#### 7. grein

Fimm fyrstu í kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar fá afhenta gripi til eignar til minningar um kjör sitt. Í áletrun skal koma fram röð þeirra í kjörinu og ártal. Aðrir sem tilnefndir eru skulu fá sérstaka viðurkenningu því til staðfestingar. Þegar kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar er lýst skal skýra frá nöfnum og stigafjölda fimm stigahæstu einstaklinganna og nöfnum allra annarra sem stig hljóta í kosningunni í stafrófsröð en án stigafjölda

#### 8. grein

Við sama tækifæri og kjöri Íþróttamanns Borgarfjarðar er lýst skal veita öllu íþróttafólki, innan aðildarféлага UMSB eða íþróttafólki með lögheimili í sveitarfélagi sem er aðili að samstarfssamningi UMSB og sveitarfélaganna á starfssvæði UMSB um kjör íþróttamanns ársins, sem valið hefur verið í landslið á árinu viðurkenningu.

#### 9. grein

Viðurkenningarnar skulu afhentar sem fyrst eftir áramót í samvinnu UMSB og Borgarbyggðar.



## Viðauki 2

### Reglugerð um afreksmannasjóð UMSB

#### 1. grein

Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður UMSB og er formlega stofnaður á 86. sambandsþingi UMSB 13. mars 2008 í tilefni af framlagi kr. 500.000 frá Orkuveitu Reykjavíkur sem kemur til viðbótar framlagi UMSB.

#### 2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan UMSB sem náð hafa framúrskarandi árangri í íþrótt sinni.

#### 3. grein

Eingöngu félagar innan aðildarféлага UMSB geta fengið styrki úr sjóðnum.

#### 4. grein

Stjórn sjóðsins annast alla úthlutun úr sjóðnum. Hún er skipuð þremur mönnum sem kosnir eru á sambandsþingi UMSB til tveggja ára. Stjórnin skiptir með sér verkum. Þá skal á hverju sambandsþingi UMSB kjósa einn varamann sem stjórninni er heimilt að kalla til ef fjallað er um mál sem tengjast einhverjum stjórnarmönnum persónulega. Skal þá sá stjórnarmaður víkja fundi.

#### 5. grein

Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri UMSB. Endurskoðendur UMSB eru jafnframt endurskoðendur reikninga sjóðsins

#### 6. grein

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Ákveðið hlutfall af óskiptum lottótekjum UMSB, skv. reglugerð sambandsins.
- b) Frjáls framlög og söfnunarfé.
- c) Tekjur af ávöxtun sjóðsins

#### 7. grein

Um styrkveitingar:

1.) Veita má styrk úr sjóðnum án umsóknar vegna mjög góðrar frammistöðu í eftirtöldum alþjóðamótum:

- a) Heimsmeistaramótum
- b) Evrópumeistaramótum
- c) Norðurlandameistaramótum





#### d) Ólympíuleikum

- 2.) Heimilt er að veita styrk úr sjóðnum ef viðkomandi hefur verið valinn í landslið.
- 3.) Ennfremur er heimilt að veita styrk til þeirra sem standa framarlega í sinni grein miðað við styrkleikaflokkun sérsambanda (sé hún til).
- 4.) Einnig getur sjóðsstjórn veitt styrki til einstaklinga eða hópa þó ekki liggi fyrir skrifleg umsókn viðkomandi, telji hún það samrýmast reglum sjóðsins.

### 8. grein

Styrkupp hæðir taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni. Úthlutanir skulu þó ekki fara yfir 75% fjármagni hvers árs

### 9. grein

Úthlutun úr sjóðnum fer fram í mars ár hvert og þurfa umsóknir að berast fyrir 1. þess mánaðar, undirritaðar af formanni viðkomandi aðildarfélags, þar sem fram komi greinargerð um afrek eistaklingsins sem sótt er fyrir.

Sjóðsstjórn er þó heimilt að úthluta á öðrum tíma en að framan greinir ef sérstaklega stendur á.

## Samþykktir og stefnur UMSB

### Lög UMSB

#### I. Kafli: Um sambandið

##### 1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Borgarfjarðar, skammstafað UMSB. Starfssvæði þess er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Heimili sambandsins og varnarþing er í Borgarnesi.

##### 2. grein

Merki sambandsins er blár skjöldur með hvítri umgjörð. Á skildi þessum er skammstöfun sambandsins, UMSB, ásamt fjaðurpena og laxi.

##### 3. grein

Tilgangur UMSB er að efla samhug og samvinnu íþrótta- og ungmennafélaganna á sambandssvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálastarfi þeirra í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ. Enn fremur að vera sameiginlegur málsvari félaganna út á við.

##### 4. grein

Sambandið skal á hverjum tíma starfa eftir stefnu sem mörkuð skal af sambandsþingi.

##### 5. grein

Rétt til aðildar að sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög UMSB, UMFÍ og ÍSÍ.



## 6. grein

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu sendar til stjórnar þess ásamt eintaki af lögum viðkomandi félags, upplýsingum um stjórn og félagaskrá. Félagið telst fullgildur aðili að sambandinu við samþykki stjórnar, þó með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings og ÍSÍ.

## 7. grein

Ósk um úrsögn úr sambandinu skal tilkynna skriflega til sambandsstjórnar enda hafi úrsögnin verið samþykkt á lögsmætum aðalfundi félagsins. Úrsögnin tekur gildi þegar stjórn hefur samþykkt hana en þó skal staðfesta hana á næsta sambandsþingi.

Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags skal eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

## I. Kafli: Um aðildarfélög

### 8. grein

Hafi félag ekki skilað starfsskýrslum í tvö ár samfelld má stjórn UMSB gera tillögu til sambandsþings um að færa félagið á lista yfir óvirk aðildarfélög. Sé félag á lista yfir óvirk félög missir það allan rétt til greiðslna frá sambandinu og skal ekki tekið með við útreikning á slíkum greiðslum.

Óvirku félagi ber ekki skylda til að greiða gjöld til sambandsins.

### 9. grein

Árlega skal hvert aðildarfélag standa UMSB skil á árgjaldi af hverjum gjaldskyldum félaga í samræmi við ákvörðun sambandsþings. Eindagi gjaldanna er 15. júlí. Eftir eindaga er heimilt að skuldajafna gjaldið við inneign viðkomandi félags hjá UMSB.

### 10. grein

Við hver áramót skulu stjórnir sambandsfélaganna semja skýrslu um hag sinn og starfsemi, samkvæmt fyrirætlunum UMFÍ og ÍSÍ. Skýrslu þessari skal skila eigi síðar en 15. febrúar.

## III. Kafli: Um sambandsþing

### 11. grein

Sambandsþing UMSB er æðsta vald í málefnum UMSB og skal haldið árlega, eigi síðar en 15. mars. Þó er stjórn heimilt, að fengnu samþykki formannafundar, að fresta þingi ef sérstakar ástæður liggja fyrir.

Sambandsstjórn ákveður þingstað og boðar til þings. Er það lögsmætt sé það boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur um breytingar á lögum sambandsins skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 14 dögum fyrir þing.

Tillögur að lagabreytingum skulu sendar stjórn eigi síðar en þremur vikum fyrir þing.

Sambandsstjóri skal enn fremur boða til aukþings telji hann þess þörf eða ef tveir þriðju sambandsaðila bera fram ósk um slíkt.



## 12. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.

## 13. grein

Dagskrá sambandsþings:

Setning

Kosning þingforseta og ritara

Kosning kjörbréfanefndar

Skýrsla stjórnar og reikningar

Álit kjörbréfanefndar

Kosning starfsnefnda þingsins

Inntaka nýrra aðildafélaga

Umræður um skýrslu stjórnar

Ávörp gesta

Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Þinghlé – nefndir starfa

Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Kosning stjórnar

Kosning á íþróttaping ÍSÍ

Önnur mál

Þinggerð - þingslit



## IV. Kafli: Um stjórn

### 14. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn en kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár. Þannig skulu annað árið kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra.

Gefi stjórnarmaður, sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum, kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. Reikningsár skal vera almanaksárið.

### 15. grein

Sambandsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarféлага sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana sem lög og þingsamþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

### 16. grein

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarféлага og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar féлага en nefndarmenn aðeins ef um sér málefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

### 17. grein

Rísi ágreiningur um lög eða reglur sambandsins úrskurðar stjórnin um það en þeirri niðurstöðu má skjóta til næsta sambandsþings.

## V. Kafli: Önnur ákvæði

### 18. grein

Til breytingar á lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mætttra fulltrúa á lögsmætu sambandsþingi.

### 19. grein

Ef sambandið leysist upp eða hættir störfum skulu allar eignir þess renna í sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í fjármálastofnun. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa má 2/3 ársávöxtunar til íþrótt- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði UMSB. Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og UMSB á sambandssvæðinu skulu eignir UMSB renna til þess.



## 20. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin öll eldri lög sambandsins.

### Stefna UMSB

Stefna sú sem hér er sett fram er afrakstur vinnu “Framtíðarnefndar“ sem unnin var frá janúar 2012 til febrúar 2013. Stefnan lýsir framtíðarsýn UMSB og leiðum til að ná henni.

Stefnan var fyrst samþykkt samhljóða á 91. sambandsþingi UMSB 9. mars 2013 í Félagsheimilinu Þinghamri, Varmalandi.

## Gildi, hlutverk og framtíðarsýn UMSB

### Gildi

Gildi UMSB eru **heiðarleiki, metnaður, samvinna** og **virðing**. Gildin segja til um grunn starfseminnar og á hvaða hugsjónum starf UMSB byggist. UMSB hefur gildin stöðugt í að leiðarljósi og leggur áherslu á að aðildarfélögin geri slíkt hið sama.

- UMSB byggir starf sitt á **heiðarleika** í keppni, leik og starfi. Við komum heiðarlega fram og væntum þess sama af öðrum.
- UMSB leggur **metnað** í starfsemi sína og stefnir stöðugt að framförum. Með metnaði næst árangur.
- UMSB vinnur verkefni sín í **samvinnu** við sveitarfélögin, aðildarfélögin, iðkendur og almenning. Þannig tryggjum við að hagsmunir heildarinnar ráði för.
- UMSB ber **virðingu** fyrir einstaklingum, umhverfinu og samfélaginu í heild. Í því felst viðurkenning á rétti allra til þátttöku.

### Hlutverk

Hlutverk UMSB er:

- að sjá aðildarfélögum sínum fyrir þjónustu á sviði íþróttar- og félagsstarfs.
- að vera samnefnari íþróttastarfs á félagssvæðinu í þágu félagsmanna sinna.
- að vera málsvari hreyfingarinnar gagnvart sveitarfélögum á starfssvæðinu, UMFÍ, ÍSÍ og öðrum.
- að hafa faglega forystu í íþróttar- og félagsstarfi og vinna að aukinni menntun, þekkingu og hæfni innan hreyfingarinnar.
- að stuðla að því að á sambandssvæðinu vaxi upp afreksfólk í íþróttum og að aðstaða þess til frekari árangurs sé eins og best verður á kosið.
- að vinna að eflingu félagsstarfs meðal aðildarfélaga sinna.



## Framtíðarsýn

Framtíðarsýn UMSB er:

- að vera framsækið og öflugt ungmennasamband með margþætt hlutverk í stöðugri þróun.
- að vinna að útbreiðslu íþrótta- og félagsstarfs með jafnræði að leiðarljósi þar sem allir hafi möguleika á þátttöku.
- að veita aðildarfélögunum sínum framúrskarandi þjónustu á faglegu, rekstrarlegu og félagslegu sviði.
- að vera þekkt fyrir afreks- keppnisíþróttafólk sitt jafnt sem mikla þátttöku í almenningsíþróttum.
- að vera hornsteinn í íþrótta- og félagsstarfi í héraðinu með styrkar fjárhagslegar, faglegar og félagslegar stoðir.

## Markmið UMSB

- Eftirfarandi eru markmið UMSB fyrir árin 2016-2018 og svo langtímamarkmið sambandsins sem ná til áraanna 2019-2023. Markmið þessi voru sett fram af stjórn og samþykkt á sambandsþingi í mars 2016 sem endurskoðuð og uppfærð markmið frá árinu 2013, en þá voru sett fram markmið fyrir UMSB í framhaldi af stefnumótunarvinnu sem skýrði ma. framtíðarsýn UMSB og setti fram markmið til að færa okkur nær þeirri framtíðarsýn.

### Markmið UMSB 2016-2019 eru:

#### 1. Að UMSB fái viðurkenningu sem Fyrirmyndarhéraðssamband ÍSÍ

að UMSB hvetji aðildarfélög sín til að taka upp gæðastaðalinn svo fljótt sem verða má

að UMSB móti sér stefnu í eineltis-, forvarnar-, umhverfis- og jafnréttis-málum.

að UMSB efli forvarnarstarf

#### 2. Að UMSB sinni reglulegri færniþjálfun fyrir nefndir og stjórnir aðildarfélaga

- að UMSB útbúi handbók í samstarfi við KPMG um starf gjaldkera ungmennafélaga
- að UMSB haldi námskeið amk. annað hvert ár fyrir nefndar – og stjórnarmeðlimi aðildarfélaga

#### 3. Að allir á starfssvæði UMSB stundi einhverja skipulagða líkamsrækt eða félagsstarf

- að aðstoða aðildarfélögin við að útbúa og innleiða aðgerðaráætlun til eflingar þátttöku stúlkna í íþrótta- og tómstundastarfi
- að efla fjölbreytni í starfi eldri kynslóðarinnar
- að UMSB verði leiðandi í innleiðingu óhefðbundinnar hreyfingar og félagsstarfi
- að UMSB efli samstarf aðildarfélaganna til þess að nýta sameiginlega þjálfara

#### 4. Að efla starfsemi þjónustumiðstöðvar UMSB

- að kynna hlutverk sambandsins fyrir almenningi og aðildarfélögum
- að halda úti virkri heimasíðu sambandsins
- að kynna starfsemi aðildarfélaganna fyrir almenningi



### Markmið UMSB 2019-2023 eru:

1. Að efla verkefni sambandsins og skjóta þannig styrkari stoðum undir fjárhagslega starfsemi þess.
2. Að UMSB reki Þjónustumiðstöð sem tengir saman aðildarfélög og almenning.
3. Að öll aðildarfélög UMSB fái aðstöðu til að iðka sína íþrótt eða félagsstarf.

### Stefnur og samþykktir UMSB

#### Umhverfisstefna UMSB

Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) er héraðssamband upb. 20 íþróttá og ungmennafélaga í Borgarfirði og nágrenni sem eru aðilar að ÍSÍ og UMFÍ. UMSB styður hvers kyns viðleitni til að draga úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda, endurvinna úrgang og leggur sitt af mörkum til að nýta orku og náttúruauðlindir á eins sjálfbæran hátt og kostur er.

UMSB er hluti af íslensku samfélagi og leitast við að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og starfa í samræmi við stefnu ÍSÍ, UMFÍ og sveitarfélaganna á starfssvæði UMSB í umhverfismálum.

UMSB hvetur aðildarfélögin til að taka mið af umhverfissjónarmiðum í sínu starfi og samþætta umhverfishugsun inn í dagleg störf, enda þarf íþróttá- og félagsstarf að fara fram í sátt við náttúruna og nánasta umhverfi.

UMSB mun vinna sérstaklega eftir eftirfarandi atriðum og hvetur aðildarfélögin til að gera slíkt hið sama:

1. Íþróttamót, ráðstefnur og fundir á eins umhverfisvænan hátt og kostur er. UMSB mun taka mið af umhverfissjónarmiðum ekki síður en af félagslegum þáttum þegar staðsetning funda og viðburða eru ákvörðuð og hvetur aðildarfélögin til gera slíkt hið sama þegar íþróttaviðburðir og mótahald eru ákvörðuð, skipulögð og tímasett.
2. Vistvæn innkaup. UMSB leitast við að kaupa inn umhverfisvænar rekstrarvörur og gætir þess að velja frekar endurvinnanlegan varning ef um einnota vörur er að ræða. UMSB hvetur einnig aðildarfélögin til að gera slíkt hið sama og nota frekar umhverfisvænar vörur sem hægt er að senda í endurvinnslu að notkun lokinni.
3. Flokkun úrgangs og endurvinnsla. UMSB leitast við að flokka allan úrgang eins vel og því verður við komið og stefnir að því að koma upp flokkunaraðstöðu við þjónustumiðstöðina í Borgarnesi til að auðvelda endurvinnslumöguleika á úrgangi sem til fellur. UMSB reynir eins og kostur er að fara sparlega með pappír og aðrar rekstrarvörur og horfir til þess í innkaupum að varninginn megi endurvinna.
4. Skipulagsmál og íþróttamannvirki. UMSB bendir á að umhverfissjónarmið þurfa að vera hluti af skipulagsmálum sveitarfélaga og þegar íþróttasvæði og mannvirki eru skipulögð á að tryggja aðgengi fyrir alla. Gott aðgengi íbúa að útivistarsvæðum hvetur til almennrar hreyfingar sem er um leið heilsueflandi. Lágmarks ferðatími og kostnaður, auðveld aðkoma gangandi og hjólandi svo og góðar almenningsamgöngur eru umhverfisþættir sem horfa þarf til.
5. Íþróttamannvirki og orkunotkun. Markviss samþætting á umhverfissjónarmiðum í rekstri íþróttamannvirkja, hefur áhrif í þá átt að draga úr hitunarkostnaði, svo og rafmagns- og vatnsnotkun. UMSB hvetur sveitarfélögin til að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi við byggingar og rekstur íþróttamannvirkja.

**Stefna þessi var samþykkt á 94.sambandsþingi UMSB 12.mars 2016**



## Jafnréttisstefna UMSB

Einstaklingum líður betur í umhverfi þar sem jafnrétti ríkir. Þar sem kynjamisrétti fær að skjóta rótum eru oft ríkjandi aðrir fordómar sem t.d. tengjast uppruna eða aldri. Hugmyndir um það hvað sé við hæfi að stelpur geri annars vegar og strákar hins vegar eru hamlandi. Þar sem raunverulegt jafnrétti ríkir fá allir einstaklingar að njóta sín og blómstra óháð kyni, kynþætti eða trúarskoðunum eða annarar stöðu.

UMSB stuðlar að jöfnum tækifærum sinna félagsmanna og mismunar ekki vegna kynferðis, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarháttar eða annarrar stöðu. UMSB leggur áherslu á gagnkvæma virðingu í öllu starfi. Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir er ekki liðin innan UMSB eða aðildarféлага þess.

UMSB vinnur jafnréttisstefnu þessa sem nær til iðkenda, þjálfara, stjórna og starfsfólks. Stefnan gildir í allri starfsemi UMSB og aðildarféлага þess. Stefnan er endurskoðuð reglulega og lagfærð ef þurfa þykir.

### Áreitni og einelti

Allir félagsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu.

Kynferðisleg áreitni og einelti er framkoma og hegðun sem ekki er liðin innan UMSB eða aðildarféлага.

Með kynferðislegri áreitni er átt við kynferðislega hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn á það jafnframt við um klám hvort sem er í myndum eða máli. Klám, í hvaða mynd sem er telst einnig kynferðisleg áreitni.

Með einelti er átt við hvers konar athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.

Félagsmenn bera virðingu fyrir umhverfi sínu og niðurlægjandi myndefni eða klám í máli eða myndum á ekki heima á svæði UMSB eða í neinu því efni sem er á þess vegum eða aðildarfélaganna.

Þeir sem verða fyrir kynferðislegri áreitni eða einelti og þeir sem verða varir við slíkt eiga að snúa sér til þjálfara, starfsmanns, forsvarsmanns eða formanns deildarinnar/félagsins sem hafa þá skyldu að koma málinu í réttan farveg.

### Iðkendur

Íþróttir skipa stóran sess í uppveiti margra barna. Íþróttir stuðla að sterkri sjálfsmynd einstaklingsins, heilbrigðum lífsstíl og almennri vellíðan. Í íþróttum setja iðkendur sér markmið og fylgja þeim eftir með góðri skipulagningu og leiðsögn. Með íþróttþjálfun byggjum við upp öfluga einstaklinga sem fara af stað út í lífið með gott veganesti sem stuðlar að hreysti og heilbrigði.

UMSB vinnur eftir eftirfarandi viðmiðum og hvetur aðildarfélögin til að gera slíkt hið sama gagnvart sínum iðkendum:

- Félagið úthlutar jafn mörgum tímum til æfinga til beggja kynja sem stunda æfingar innan sömu greinar og eru á sama aldri.
- Félagið leitast við að úthluta tímum í íþróttamannvirki í samræmi við aldur. Þess er gætt að bæði kyn njóti þess að vera á „jafngóðum“ tíma dagsins.
- Bæði kynin njóta sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar.





- Samræmi sé í fjárveitingum innan félagsins til íþróttagreina eftir kynjum. Málefnaleg rök skulu vera fyrir frávikum og skulu þau heyra til undantekninga.
- Þess er gætt að umfjöllun um bæði kynin og íþróttagreinar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara t.d. útgáfu og fréttatilkynningum. Á þetta bæði við um texta og myndefni.
- Fyrirmyndir eru kynntar á ígrundaðan hátt og þess gætt að þær séu af báðum kynjum og endurspegli þær áherslur sem eru hjá félaginu.
- Félagið vinnur markvisst gegn staðalímyndum með því að leitast við að jafna kynjahlutföll meðal iðkenda hverrar íþróttagreinar fyrir sig. Á þetta við jafnt í starfi sem og allri umfjöllun um starfið.
- Verðlaun til beggja kynja og innan allra greina eru sambærileg.
- Kynin njóti sömu launa og/eða hlunninda fyrir sömu eða sambærileg störf hjá félaginu.
- Við úthlutun úr afrekssjóðum eru upphæðir/úthlutun eftir kynjum og aldri sem jöfnust hjá félaginu.

### Þjálfarar og starfsfólk

Allir iðkendur, óháð kyni, eiga rétt á góðum þjálfara sem hæfir getu þeirra og aldri. Nauðsynlegt er að þjálfarar beggja kynja séu vel menntaðir og hafi möguleika á að fá hæfa aðstoðarþjálfara sé þess þörf.

UMSB vinnur eftir eftirfarandi viðmiðum og hvetur aðildarfélögin til að gera slíkt hið sama gagnvart sínum þjálfurum og starfsfólki:

- Félagið ræður til sín hæfa þjálfara óháð kyni, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarháttar eða annarrar stöðu.
- Þjálfarar félagsins njóta sömu launa, óháð kyni, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarháttar eða annarrar stöðu fyrir sömu eða sambærileg störf.
- Þjálfarar félagsins hafa sömu tækifæri, óháð kyni, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarháttar eða annarrar stöðu til að afla sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi.
- Þess er gætt að kynjahlutfall starfsfólks sé sem jafnast, bæði varðandi þjálfara og annað starfsfólk.

### Stjórnir, ráð og nefndir

UMSB vinnur eftir eftirfarandi viðmiðum og hvetur aðildarfélögin til að gera slíkt hið sama gagnvart sínum stjórnunum, ráðum og nefndum:

- Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum félagsins er leitast við að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og hlutfall annars kynsins ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.
- Þess er gætt á opinberum samkomum, í fjölmiðlum og annars staðar að bæði konur og karlar komi fram fyrir hönd félagsins.

**Stefna þessi var samþykkt á 94.sambandsþingi UMSB 12.mars 2016**



## Fræðslustefna UMSB

UMSB er meðvitað um mikilvægi góðrar og viðeigandi menntunar og leggur þess vegna áherslu á að til sambandsins og aðildarfélaga þess séu ráðnir hæfir einstaklingar til starfa með viðeigandi menntun hvort sem um ræðir starfsfólk á skrifstofu, í þjálfun eða önnur störf.

Mikilvægt er að fylgjast með þróun og endurnýjun aðferða sem geta leitt til nýsköpunar í starfi, hagræðingar eða bætt starfsemina á einhvern hátt, þess vegna hvetjum við starfsfólk til að leita sér stöðugt nýrrar þekkingar hvort sem er í gegnum heildstæða menntun, námskeið, vettvangsferðir eða annað álíka. Við erum meðvituð um að aukin menntun og þekking á starfi og starfsvettvangi sínum veiti starfsfólki aukið sjálfstraust sem leiðir til sjálfstæðari vinnubragða og þannig fara saman hagsmunir starfsfólks og vinnuveitanda, báðum til góðs.

UMSB leggur metnað í að veita aðildarfélögunum góða þjónustu á sviði fræðslu og þekkingar með því m.a. að bjóða uppá regluleg námskeið, fyrirlestra og fræðslu sem nýtast félagsmönnum, hvort sem er að eigin frumkvæði, eftir ábendingum félagsmanna eða sem milliliður.

### Framtíðarsýn

Okkar framtíðarsýn er að hjá UMSB og aðildarfélögunum starfi hæfir einstaklingar með menntun sem nýtist í starfi og að aðildarfélögunum standi regluleglega til boða námskeið sem nýtast starfsfólki, stjórnarfólki eða félagsmönnum öllum.

Til þess að okkar framtíðarsýn geti orðið að veruleika eru nokkur atriði sem við höfum að leiðarljósi í starfsemi UMSB og aðildarfélaganna.

- UMSB stendur reglulega fyrir fræðslu fyrir stjórnir aðildarfélaganna.
- UMSB stendur reglulega fyrir fræðslu fyrir þjálfara og starfsfólk aðildarfélaganna.
- UMSB styður sitt starfsfólk til að sækja námskeið og fræðslu sem nýtist í starfi.
- UMSB miðlar upplýsingum og auglýsir námskeið ÍSÍ, UMFÍ og annara aðila sem nýtast aðildarfélögunum.
- UMSB hvetur aðildarfélögin til samstarfs og til að leita sér þekkingar hjá hvert öðru.
- UMSB hvetur aðildarfélögin til að nýta sér öll þau tækifæri sem bjóðast þegar kemur að því að mennta og fræða þjálfara, stjórnarfólk, starfsfólk, iðkendur, foreldra eða aðra félagsmenn. Þekking á starfi og starfsemi félaganna er alltaf verðmæt á hvaða þáttökustigi sem er, svo mikilvægt er að allir sem koma að starfi félaganna átti sig á að því meira sem þeir fræðast um starf/hlutverk sitt innan félagsins og starfsemi félagsins, því verðmætari eru þeir fyrir félagið í heild.

**Stefna þessi var samþykkt á 94.sambandsþingi UMSB 12.mars 2016**



## Félagsmála og forvarnarstefna UMSB

Í öllu starfi með börnum og unglingum, hvort sem það er á vegum UMSB eða aðildarfélaganna, er áhersla lögð á jöfn tækifæri, heilbrigða lífshætti og forvarnir. Stuðlað skal að félagsfærni, jákvæðum samskiptum og fræðslu um verndandi þætti heilsu og velferðar sem og áhættuþætti. Allir starfsmenn, þjálfarar og aðrir innan UMSB og aðildarfélaganna sem að vinna með börnum og unglingum skulu vinna í samræmi við félagsmála og forvarnastefnu UMSB. Allar samkomur og viðburðir sem eru sérstaklega ætlaðar börnum og unglingum skulu vera vímuefnalausar. Þær skulu haldnar á forsendum barna og unglunga, vera á forsjá aðila sem hafa þekkingu og reynslu af starfi með börnum og unglingum í húsnæði við hæfi.

### Framtíðarsýn

Félagsmála og forvarnastefna UMSB leggur áherslu á fjölskylduvænt og heilsueflandi samfélag þar sem öll börn og ungmenni hafa jöfn tækifæri, tileinka sér heilbrigðan lífsstíl, líður vel og hafa sterka sjálfsmynd. Hlúa þarf að umhverfi barna og unglunga og sjá til þess að þau búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi og leggja þarf jafna áherslu á félagsleg samskipti og færni til jafns við íþróttæfingar og keppnir.

Til þess að okkar framtíðarsýn geti orðið að veruleika eru nokkur atriði sem við höfum að leiðarljósi í starfsemi UMSB og aðildarfélaganna.

- Við gerum okkur grein fyrir því að foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum og samvera foreldra og barna er verndandi þáttur. Þess vegna leggjum við áherslu á að fræða foreldra um jákvæð samskipti og mikilvægi samverustunda barna og foreldra.
- Við vitum að sterk og jákvæð sjálfsmynd, félagsfærni og heilbrigðir lífshættir eru börnum og unglingum kjölfesta til að takast á við lífið og tilveruna. Þess vegna notum við hvert tækifæri til að hrósa og byggja upp sterka einstaklinga, við leggjum áherslu á félagslega samveru utan skipulagðra íþróttæfinga og fræðum iðkendur um heilbrigðan lífsstíl.
- Virk þátttaka í skóla- og frístundastarfi styrkir sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga. Þess vegna hvetjum við alla til þátttöku í skipulögðu starfi, leggjum okkur fram um að öllum líði vel í skipulögðu starfi á okkar vegum og tökum sérstaklega vel á móti nýliðum.
- Við viljum samfélag án ofbeldis. Við leggjum þess vegna áherslu á að vinna gegn hverskonar ofbeldi, líkamlegu, andlegu, kynferðislegu sem og einelti.
- Við viljum æsku án vímuefna. Við leggjum mikla áherslu á að sporna gegn hvers kyns vímuefnaneyslu. Við fræðum börn og unglunga um skaðsemi vímuefna og hvetjum þau til þátttöku í skipulögðu íþrótt og/eða tólmundastarfi sem hefur sannað forvarnargildi sitt.
- Við viljum efla sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum. Áhersla verði lögð á að efla sjálfsvirðingu, sjálfstraust og virðingu barna og unglunga fyrir líkama sínum og bera virðingu fyrir öðrum, sem forvörn gegn hverskonar áhættu hegðun.

**Stefna þessi var samþykkt á 94.sambandsþingi UMSB 12.mars 2016**



## Siðareglur UMSB

1. Siðareglur þessar eiga við um alla kjörna aðila í stjórnir og nefndir UMSB og aðildarfélaganna ásamt starfsmönnum UMSB og aðildarfélaganna.
2. Kynntu þér og tileinkaðu þær siðareglur sem hér er að finna. Komdu fram af fullkomnum heilindum og láttu framkomuna endurspegla viðhorf þitt til grundvallarregla og markmiða íþróttta og Ólympíuhreyfingarinnar.
3. Forðastu að upp komi sérhver sú staða sem leitt getur til hagsmunaárekstra.
4. Vertu fagmannleg/ur í samskiptum þínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök sem og önnur sambönd eða hópa í samræmi við grundvallarhugsjónir íþróttahreyfingarinnar. Gættu þess að gera aldrei lítið úr öðrum félögum og komdu fram við keppinauta af virðingu.
5. Gættu þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórnmálaskoðanir.
6. Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við séu varin, virt og tryggð.
7. Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.
8. Taktu ekki við persónulegum gjöfum og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Gefðu heldur ekki gjafir og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
9. Taktu aldrei við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun, fyrir hvers konar samningagerð við skyldustörf.
10. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.

**Stefna þessi var samþykkt á 94.sambandsþingi UMSB 12.mars 2016**



## Fagráð UMSB

Á sambandsþingi UMSB 2018 var samþykkt að stofna fagráð. Í fagráðinu eru fagaðilar sem kallaðir eru til ef þörf er á.

Fagráðið tekur við öllum tilkynningum um kynferðisbrot, agabrota, ávana – og vímuefnanotkun, einelti, alvarleg veikindi, áföll, slys og andlát. Fagráðið sér til þess að tilkynningunum sé komið í réttan farveg og að þær fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt verklagsreglum fagráðs og landslögum. Jafnframt leiðbeinir fagráðið þolendum um málsmeðferð og sér til þess að þeir fái stuðning eftir því sem við á hverju sinni.

## Reglugerðir UMSB

UMSB er með nokkrar reglugerðir sem lesa má hér að neðan. Um er að ræða Reglugerð um skiptingu á lottótekjum UMSB, Reglugerð um afreksmannasjóð UMSB og Reglugerð um verðlaunaafhendingar UMSB. Gert er ráð fyrir að öll aðildarfélög UMSB fari eftir þessum reglugerðum í sínu starfi.

### Reglugerð um skiptingu á lottótekjum UMSB

#### 1. Forsendur skiptingar á milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa félög að skila lögboðnum skýrslum til ÍSÍ og UMFÍ. Síðasti skiladagur þeirra skýrslna er 15. apríl ár hvert.

#### 2. Skipting Lottótekna

- a. 5 % í Afreksmannasjóð UMSB
- b. 45 % til UMSB
- c. 50 % til aðildarfélaga UMSB

#### 3. Skipting lottótekna skv. c-lið 1. greinar milli aðildarfélaga og deilda

- a. 10 % jafnt á milli allra aðildarfélaga
- b. 10 % eftir fjölda mættra fulltrúa á þing UMSB
- c. 80 % eftir fjölda félaga.

#### 4. Skerðingar

Sendi félag ekki fulltrúa á formannafund UMSB skerðir það úthlutunarfé þess félags um 25 % við næstu úthlutun en hefur ekki áhrif á úthlutanir eftir það. Skerðingar samkvæmt þessari grein renna til UMSB.

#### 5. Úthlutun lottótekna

Tveir úthlutunardagar eru á hverju ári, 1. ágúst og 1. febrúar. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun en UMSB skal þó halda þeim vöxtum sem safnast hafa á lottófé milli úthlutunardaga.



## Reglugerð um afreksmannasjóð UMSB

### 1.grein

Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður UMSB, stofnaður á 86. Sambandsþingi UMSB 13. mars 2008

### 2.grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan UMSB sem náð hafa framúrskarandi árangri í íþrótt sinni.

### 3.grein

Eingöngu félagar innan aðildarféлага UMSB sem hafa jafnframt keppt fyrir sitt aðildarfélag á árinu, eða íbúar með lögheimili í sveitafélaginu á sambandssvæði UMSB geta hlotið styrk úr sjóðunum.

### 4.grein

Stjórn sjóðsins annast úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin er skipuð þremur einstaklingum með þekkingu á íþróttum. Stjórnin skal kosin á sambandsþingi UMSB til tveggja ára. Einnig skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Stjórn er heimilt að kalla til varamann ef stjórnarmaður verður vanhæfur vegna persónulegra tengsla við mál. Skal þá viðkomandi stjórnarmaður víkja sæti og varamaður taka sæti í hans stað.

### 5.grein

Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri UMSB. Skoðunarmenn UMSB eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

### 6.grein

#### Tekjur sjóðsins eru:

Ákveðið hlutfall af óskiptum lottótekjum UMSB, samkvæmt reglugerð þar um.  
Frjáls framlög og söfnunarfé.  
Framlög sveitarféлага á starfssvæði UMSB  
Framlag UMSB  
Tekjur af ávöxtun sjóðsins.

### 7.grein

#### Styrkveitingar:

a. Veita má styrk úr sjóðnum vegna þátttöku á eftirtöldum alþjóðamótum:

Ólympíuleikum  
Heimsmeistaramótum



Evrópumeistaramótum  
Norðurlandameistaramótum  
Smáþjóðaleikum  
Öðrum mótum sem sérsambönd viðurkenna sem alþjóðleg mót

b. Heimilt er að veita styrk úr sjóðnum ef viðkomandi hefur verið valinn í landslið.

c. Heimilt er að veita styrk til einstaklinga sem standa framarlega í sinni íþróttagrein samkvæmt styrkleikaflokkun sérsambanda.

### 8.grein

Styrkupp hæðir taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni. Úthlutanir skulu þó ekki fara yfir 75% af tekjum hvers árs.

### 9.grein

Úthlutun úr sjóðnum fer fram í mars ár hvert. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1 mars. undirritaðar af formanni viðkomandi aðildarfélags. Með umsókn skal fylgja greinargerð frá keppanda um helstu afrek og hvernig fyrirhugað er að nýta styrkinn. Heimilt er að úthluta úr sjóðnum á öðrum tíma en að framan greinir ef sérstaklega stendur á.

### 10.grein

Reglugerð þessi er samþykkt á sambandsþingi UMSB í félagsheimilinu Fannahlíð 12. mars 2016 og öðlast þegar gildi. Með samþykkt þessari fellur úr gildi eldri reglugerð um afreksmannasjóð UMSB frá 2008.

### **Greinargerð með reglugerð.**

Haustið 2015 var skipaður þriggja manna vinnuhópur til að endurskoða reglugerð um afreksmannasjóð UMSB. Hópurinn tók til starfa í nóvember 2015 og starfaði fram í febrúar 2016. Á þessum tíma hélt hópurinn alls fjóra fundi. Tillaga að nýrri reglugerð byggir að stórum hluta á eldri reglugerð, en á henni hafa verið gerðar orðalagsbreytingar auk þess sem hún hefur verið aðlöguð þeim breytingum sem orðið hafa á starfsemi UMSB.

Vinnuhópurinn beinir eftirfarandi tilmælum til stjórnar UMSB um vinnulag við umsýslu sjóðsins:

Mjög mikilvægt er að þeir sem kosnir eru í stjórn sjóðsins hafi þekkingu á íþróttum. Æskilegt er að bæði konur og karlar séu í stjórn sjóðsins.

Stjórn skal alla jafna afla sér upplýsinga hjá sérsambandi viðkomandi umsækjanda til að meta hver árangur hans er.

Ekki er nauðsynlegt að úthluta öllum sjóðnum á hverju ári en þá er ætlast til að það sem eftir situr geti komi til úthlutunar næsta ár. Sjóðurinn er afrekssjóður og því ekki hugsaður sem ferðasjóður þar sem UMSB úthlutar ferðastyrkjum á annan hátt.

**Reglugerðin var samþykkt á 94.sambandsþingi UMSB 12.mars 2016. Endurskoðuð á formannafundi UMSB 5. október 2017.**



## Reglugerð um verðlaunaafhendingar UMSB

Greinagerð: Tilgangur reglugerðar þessarar er að samræma verðlaunaveitingar á öllum mótum á vegum UMSB og að þær fylgi almennri verðlaunastefnu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

### 1. grein

Reglugerðin gildir um öll mót sem haldin eru innan UMSB og aðrar verðlaunaafhendingar eða viðurkenningar sambandsins og aðildarfélaga þess.

### 2. grein

Verðlaunaveitingar skulu vera sem hér segir:

Börn 10 ára og yngri fá öll jafna viðurkenningu fyrir þátttöku sína, hvort sem það er verðlaunaskjal, þátttökupeningur eða önnur viðurkenning. Á þetta við um bæði einstaklinga sem og lið skipuð einstaklingum á þessum aldri.

11 ára og eldri: bæði lið sem og einstaklingar geti unnið til verðlauna

Hvorki eru veitt verðlaun né stórviðurkenningar fyrir afrek né árangur til yngri barna en þeirra sem verða 14 ára á almanaksárinu.

### 3. grein

Verðlaunaveitingar á uppskeruhátíðum/ verðlaunahátíðum séu í anda þess sem fram kemur hér að framan.

### 4. grein

Reglugerð þessi tekur gildi 28. nóvember 2011

## Reglugerð um íþróttamann Borgarfjarðar

Í grein 6.3. í samstarfsamningi UMSB og Borgarbyggðar er kveðið á um að UMSB sjái um sameiginlegt kjör á íþróttamanni Borgarfjarðar. Reglugerð þessi gildir um kjörið og er gerð í samræmi við ákvæði í samningnum.

### 1. grein

Sambandsstjóri UMSB ber ábyrgð á kjöri Íþróttamanns Borgarfjarðar.

### 2. grein

Í fyrri hluta janúar ár hvert skal kjósa íþróttamann Borgarfjarðar. Kjörgengi hafa allir íþróttamenn sem náð hafa 14 ára aldri og hafa stundað íþrótt sína með aðildarfélagi UMSB eða átt lögheimili í sveitarfélagi sem er aðili að samstarfssamningi UMSB og sveitarfélaganna á starfssvæði UMSB um kjör íþróttamanns ársins á því ári sem kjörið nær til.





### 3. grein

Hverju aðildarfélagi og hverri íþróttadeild er skylt fyrir 2.janúar ár hvert að tilnefna 1 einstakling eða þar. Tilnefningar og greinargerð á þar til gerðum eyðublöðum um árangur á árinu skal senda til þjónustumiðstöðvar UMSB. Stjórn UMSB og sveitastjórnir geta hver um sig ákveðið að tilnefna allt að 3 einstaklinga til viðbótar við þá er aðildafélög og deildir tilnefna bæði að eigin frumkvæði og eftir ábendingum frá almenningi. Auglýst skal sérstaklega eftir tilnefningum almennings. Tilnefningar ásamt greinargerðum skulu sendar rafrænt til þeirra er atkvæðisrétt hafa.

### 4. grein

Peir sem hafa atkvæðarétt í kjörinu eru:

- a. Stjórnarfolk í UMSB hefur eitt atkvæði hvert, stjórnir aðildarfélaga og stjórnir deilda þeirra eitt atkvæði hver stjórn.
- b. Sérstök þriggja manna valnefnd sem skipuð er með eftirfarandi hætti, einn tilnefndur á sambandsþingi UMSB, einn tilnefndur af Borgarbyggð og einn af stjórn UMSB. Fulltrúar UMSB skulu ekki eiga sæti í stjórn sambandsins.

Atkvæði greidd samkvæmt lið a gilda 50% á móti atkvæðum greiddum samkvæmt lið b.

### 5. grein

Atkvæði greiðast þannig að sá sem lendir í fyrsta sæti fær 10 stig, sá sem lendir í öðru sæti fær 9 stig, sá sem lendir í þriðja sæti fær 8 stig og svo framvegis. Sá íþróttamaður sem fær flest atkvæði samanlagt frá þeim sem greiða atkvæði samkvæmt lið a hlýtur 10, sá sem fær næstflest fær 9 stig o.s.fv..

Sá íþróttamaður sem valinn er í fyrsta sæti samkvæmt lið b hlýtur 10 stig, sá næsti hlýtur 9 stig o.s.fv.

Leggja skal saman stigafjölda íþróttamanna samkvæmt lið a og b og sá íþróttamaður sem flest atkvæði fær samanlagt skal útnefnast íþróttamaður Borgarfjarðar. Standi tveir íþróttamenn upp með jafn mörg atkvæði skal val samkvæmt lið a ráða úrslitum. Sá íþróttamaður sem flest stig fær samkvæmt þessari aðferð hlýtur sæmdarheitið "Íþróttamaður Borgarfjarðar".

### 6. grein

Íþróttamaður Borgarfjarðar fær afhentan farandbikar til varðveislu í eitt ár. Letra skal á bikarinn nafn þess sem hann hlýtur og ártal. Bikarinn vinnst aldrei til eignar en þegar hann hefur verið afhentur í 10 ár skal hann tekinn úr umferð og skal eftir það geymdur í bikarsafni UMSB. Auk farandbikarsins skal Íþróttamaður Borgarfjarðar fá afhentan eignabikar og skal letta á hann nafn þess sem hann hlýtur og ártal.

### 7. grein

Fimm fyrstu í kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar fá afhenta gripi til eignar til minningar um kjör sitt. Í áletrun skal koma fram röð þeirra í kjörinu og ártal. Aðrir sem tilnefndir eru skulu fá sérstaka viðurkenningu því til staðfestingar. Þegar kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar er lýst skal



skýra frá nöfnum og stigafjölda fimm stigahæstu einstaklinganna og nöfnum allra annarra sem stig hljóta í kosningunni í stafrófsröð en án stigafjölda

### 8. grein

Við sama tækifæri og kjöri Íþróttamanns Borgarfjarðar er lýst skal veita öllu íþróttafólki, innan aðildarféлага UMSB eða íþróttafólki með lögheimili í sveitarfélagi sem er aðili að samstarfssamningi UMSB og sveitarfélaganna á starfssvæði UMSB um kjör íþróttamanns ársins, sem valið hefur verið í landslið á árinu viðurkenningu.

### 9. grein

Viðurkenningarnar skulu afhentar sem fyrst eftir áramót í samvinnu UMSB og Borgarbyggðar.



**UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR**  
BORGARBRAUT 61 - 310 BORGARNES - SÍMI 437 1411 - UMSB@UMSB.IS